



Breiðagerðisskóli – heildarmat á skólastarfi

Febrúar 2010
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson
Birna Sigurjónsdóttir
Guðrún Edda Bentsdóttir
Hildur Sigurðardóttir
Hildur B. Svavarsdóttir
Una B. Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Skólastarf.....	7
Nám og kennsla.....	7
Stjórnun og skipulag.....	8
Stefnumótun	11
Markmið og áætlanir	12
Nemendur og líðan	13
Stjórn nemendafélags	15
Reglur og agi	16
Viðvera nemenda.....	17
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	18
Upplýsingamiðlun og samskipti	20
Verklag	22
Fjölbreyttar leiðir í námi	22
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	23
Mat á gæðum kennslustunda	23
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	24
Skólaþróun og mat	27
Virk upplýsingamiðlun.....	28
Skólanámskrá og starfsáætlun	28
Heimasíða.....	29
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	29
Mannauður	31
Starfsánægja og líðan á vinnustað	31
Samstarf.....	31
Aðbúnaður	32
Viðvera starfsmanna.....	32
Símenntun og starfsþróun.....	33
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	34
Fjármál	36
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	36
Fjárhagsleg staða skólans	36
Greining.....	37
Samantekt ábendinga.....	37
Heimildir	45
Fylgiskjöl.....	45

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Breiðagerðisskóla sem fram fór í nóvember 2009. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs. Breiðagerðisskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2009-2010. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólustjóri Breiðagerðisskóla er Guðbjörg Þórisdóttir og aðstoðarskólustjóri er Guðrún H. Ingimundardóttir. Í Breiðagerðisskóla eru 320 nemendur í 1.-7. bekk skólaárið 2009-2010. Um 91% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Breiðagerðisskóla. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum í Breiðagerðisskóla fjölgi aðeins á næstu árum og þar verði 345 nemendur árið 2013.

Í skólanum starfa 48 starfsmenn skólaárið 2009-2010 (einn kennari í 100% stöðu kemur úr barneignarleyfi 1. mars) í um 46,8 stöðugildum, þar af kennarar í 27.1 stöðugildi. Samkvæmt þessu eru 6.8 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra en í borginni í heild að meðaltali (7.1). Ef aðeins er miðað við kennara í Breiðagerðisskóla eru 13.8 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins hærra en í borginni að meðaltali (11.3).

Kennsla hófst í Breiðagerðisskóla 5. október 1955 í nýju skólahúsi. Skólahúsið var tekið í notkun í áföngum árin 1956-1961. Byggt var við skólann á árunum 2004-2005. Haustið 2005 var viðbótarbygging tekin í notkun þó framkvæmdum væri ekki að fullu lokið og viðbyggingin vígð í ársbyrjun 2006 á 50 ára afmæli skólans. Heildarstærð skólans er um 5,026 m² án íþróttasalar.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37.gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafestu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Heildarmat fór fram í einum grunnskóla á vorönn 2007, í 6 grunnskólum skólaárið 2007-2008 og í 7 grunnskólum skólaárið 2008-2009. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2009-2010.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |

- Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu vika 5
- Skýrsluskil – formleg vika 6
- Upplýsingar til menntaráðs í lok annar

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrjár hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrjár hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun (nýjustu útgáfu) þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2009
 - Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
 - Heimasíða skólans
 - Stundaskrár 2009-2010 og yfirlit yfir valgreinar (kenndar)
 - Kennsluáætlanir 2009-2010 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum
 - Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með skólaráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.


Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Skólastarf


Nám og kennsla

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk Breiðagerðisskóla vorið 2009 og var niðurstaða þess að rúm 74% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavík var um 69%.



Meðalárangur nemenda í 2. bekk Breiðagerðisskóla var um 75% sem er aðeins betri árangur en meðalárangur allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2008 var Breiðagerðisskóli með meðalárangurinn 71% og þá gátu 67% nemenda lesið sér til gagns.



Ábendingar

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2009 er aðeins betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (75% miðað við 72% í borginni allri) og hærra hlutfall nemenda í Breiðagerðisskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (74% miðað við 69% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2009 er betri en árið áður (75%/71%) og hlutfallslega fleiri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (74% miðað við 67% árið áður).

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

Stærðfræðiskimunin Talnalykill var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 31 grunnskóla Reykjavíkur í nóvember 2009. Meðalárangur nemenda í Breiðagerðisskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn *reikningur og aðgerðir*, var mælitalan 11,8. Meðaltal skólans var 1,1 hærra en meðaltal allra grunnskólanna en það var 10,7. Í Breiðagerðisskóla stóðust um 80% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi og aðeins einn nemandi (2%) taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði. Í Reykjavík allri þurftu 69% eingöngu að taka þrep I og tæp 9% töldust líklega þurfa stuðning í stærðfræði.

Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Breiðagerðisskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 11.8 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.
- Í Breiðagerðisskóla stóðust um 80% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi og aðeins einn nemandi (2%) taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði. Í Reykjavík allri þurftu 69% eingöngu að taka þrep I og tæp 9% töldust líklega þurfa stuðning í stærðfræði.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Meðaltalsárangur nemenda í Breiðagerðisskóla í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk haustið 2009 var 7,0 í íslensku sem er yfir landsmeðaltali (6,4) og meðaltali í Reykjavík (6,5) og 7,9 í stærðfræði sem er yfir landsmeðaltali (6,8) og meðaltali í Reykjavík (7,0). Í 4. bekk var árangur nemenda í Breiðagerðisskóla í samræmdum könnunarprófum 6,4 í íslensku sem er yfir landsmeðaltali (6,0) og meðaltali í Reykjavík (6,2) og 6,4 í stærðfræði sem einnig er yfir landsmeðaltali (6,1) og yfir meðaltali í Reykjavík (6,2).

Framfarastuðull nemenda í Breiðagerðisskóla 2006 er 0.98 í íslensku í 7. bekk sem teljast venjulegar framfarir nemenda og í stærðfræði 1,01 sem einnig telst venjulegar framfarir nemenda (sjá nánar í fylgiskjali 1, Breiðagerðisskóli og skólahverfi).

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Breiðagerðisskóla í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk haustið 2009 var 7,0 í íslensku sem er yfir landsmeðaltali (6,4) og meðaltali í Reykjavík (6,5) og 7,9 í stærðfræði sem er yfir landsmeðaltali (6,8) og meðaltali í Reykjavík (7,0).
- Í 4. bekk var árangur nemenda í Breiðagerðisskóla í samræmdum könnunarprófum 6,4 í íslensku sem er yfir landsmeðaltali (6,0) og meðaltali í Reykjavík (6,2) og 6,4 í stærðfræði sem einnig er yfir landsmeðaltali (6,1) og yfir meðaltali í Reykjavík (6,2).
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum 2006.

Stjórnun og skipulag

Stjórnunarteymi skólans er skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri almennrar kennslu og deildarstjóri sérkennslu. Stjórnendur hafa ekki með sér fasta fundi en mikið óformlegt samráð og nýta styrkleika hverrar fyrir sig, „við gerum það sem gera þarf og leysum það sem þarf að leysa“, segir skólastjóri.

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærra benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Starfslýsingar stjórnenda liggja fyrir og verkaskipting stjórnenda er nokkuð skýr eins og hún er sett fram þar. Skólastjóri hefur yfirumsjón með stefnumótun og faglegu starfi í skólanum og sér m.a. um barnaverndarmál, aðstoðarskólastjóri sér m.a. um forföll starfsmanna og deildarstjóri hefur m.a. umsjón með verkefnum, s.s. *Orð af orði* og *Byrjendalæsi*. Sú sem er laus hverju sinni tekur á agamálum sem upp koma. Þær vinna saman að stefnumótun og ákveðnum verkefnum.

Í foreldrakönnun 2008 sögðust tæp 69% vera ánægð með stjórnunina, þar af sögðust rúm 20% vera *mjög ánægð*. Í könnuninni árið 2006 voru tæplega 60% ánægð með stjórnunina, hækkunin er því um u.þ.b. tíu prósentustig á milli mælinga 2006 og 2008. Meðaltalsánægja foreldra árið 2008 á kvarðanum einn til fimm var 3,8 sem er 0,2 hærra en árið 2006. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2008 var 4,0 og ánægja foreldra í Breiðagerðisskóla með stjórnunina því undir meðaltali.

Starfsmenn í rýnihópum segja stjórnendur vera styðjandi, það sé gott að leita til þeirra og aðgengi almennt gott.

Stjórnendur leggja áherslu á að vera sýnilegir nemendum, aðstoðarskólastjóri fer í forfallakennslu og skólastjóri stefnir að því að heimsækja bekk og hópa. Deildarstjóri er í kennslu að hluta. Í rýnihópi nemenda kemur fram að þeir þekkja skólastjóra vel, hún „kemur í skólastofuna“.

Kennarafundir eru haldnir reglulega og tvisvar á ári eru starfsmannafundir. Gefin er út dagskrá fyrir sameiginlega fundi fyrir mánuð í senn þar sem fram kemur efni fundarins og fyrir hverja hann er.

Grunneining í samstarfi kennara eru árgangafundir þeirra einu sinni í viku og stigsfundir eru einu sinni í mánuði og fundir verkgreinakennara líka, „þetta fer eftir því hvað er að gerast í skólanum hverju sinni“, kemur fram í rýnihópi kennara.

Skipulag skóladags

Skóladagurinn hefst með kennslu kl. 8:35 og lýkur kl. 13:45 hjá 1.-4. bekk og 14:35 hjá 5.-7. bekk. Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar hjá öllum árgöngum og milli 3. og 4. stundar hjá 5.-7. bekk. 50 mínútna matarhlé og útivist eru á ólíkum tímum frá 11:35-13:10. Borðað er í fjölnotasal skólans í fjórum hópum.

Skoðaðar voru nokkrar stundatöflur nemenda. Hver nemandi fær persónulega stundatöflu sem sett er upp eftir að hópaskipting hefur verið ákveðin af kennurum. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 og á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar. Skóladeginum er skipt í lotur 40-80 mínútur. Umsjónarkennarar í hverjum árgangi hafa 14-18 samliggjandi tíma til að auðvelda kennurum að skipta árganginum upp í mismunandi hópa. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar geta verið mislangir.

Skipulag skólastarfs

Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Nemendum árgangsins er skipt í mismunandi hópa og lögð er áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálf

nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum (*Boðberi Breiðagerðisskóla*, 2009-2010).

List- og verkgreinar: Nemendur í 1. bekk fá list- og verkgreinakennslu einu sinni í viku í 2 tíma í senn í 7-8 vikur í hverri grein. Í 2.-7. bekk eru þessar greinar kenndar í lotum og fá nemendur 16-18 skipti 2 tíma í senn í hverri grein, en aðeins mismunandi eftir árgöngum.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Skólinn á samstarf við kirkjuna, t.d. um kirkjuferð fyrir jóla, en þá er þess gætt að leita eftir upplýsingum um hverjir ekki vilja taka þátt og þeim boðið upp á annað á sama tíma.

Samstarf er við alla þrjá leikskólana í hverfinu og þeir koma reglulega í heimsókn í tengslum við skólabyrjun 6 ára nemenda. Leikskólinn Jörfi sem er á sömu lóð og skólinn hefur haft frumkvæði að sérstakri heimsókn strax að hausti þar sem skólastjóri sýnir börnunum skólann. Hinum leikskólunum verður einnig boðið í slíka heimsókn.

Stjórnendur segjast vilja hafa markvissara samstarf við Réttarholtsskóla um nemendur og eins við Fossvogsskóla um markmið og leiðir og kennsluhætti. Þær telja sig geta miðlað miklu og einnig lært af upplifun viðtökuskólans af þekkingu nemenda, svo og hvort einhver munur er á nemendahópum úr skólunum tveimur. Samstarf kennara yrði líka til að draga úr tortryggni og spennu milli skólanna og æskilegt að hafa vinaheimsóknir með öllum árgöngum þannig að nemendur þekkist eða kannist við fleiri þegar þau koma saman.

Skólinn er ekki í samstarfi við félagsmiðstöðina Bústaði, nemendur sækja félagsstarfið sem þar er, „en það er ekki beint mikið samráð um það“.

Á *Degi íslenskrar tungu* lasu nemendur úr 7. bekk fyrir börnin í leikskólanum, einn strákur sem byrjaði í haust og kemur frá Póllandi las á pólsku við mikla ánægju. Nemendur hafa líka heimsótt eldri borgara í félagsmiðstöð í Hæðargarði til að kenna þeim á tölvur og SMS o.fl., námsráðgjafi stýrir þessu verkefni.

Skólinn er í samstarfi við íþróttafélagið Víking og þeir koma í skólann og kynna sitt íþróttastarf, svo er Víkingur með skólaíþróttir fyrir yngstu nemendur í tengslum við ÍTR.

Samstarf er við Tennis- og Badmintonfélag Reykjavíkur, nemendur fara þangað, fyrst í þrjú tíma og síðan einn dag í viku í rútu eftir skóla, þau sem vilja halda áfram, foreldrar sjá alfarið um það.

Kór er ekki lengur starfandi við skólann þar sem kennarinn vildi minnka við sig, eins er samstarfið í *Músikölsku pari* hætt, en sjálfstætt starfandi tónlistarskóli er rekinn innan skólans þar sem kennt er á gítar o.fl. og nemendur fara út úr tímum. Einnig er skólahljómsveit Austurbæjar starfandi í skólanum.

Skólinn var í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur um þemaverkefni um Elliðaárdalinn. Verkefnið var upphaflega skipulagt með stuðningi starfsmanns Orkuveitunnar en nú hafa kennarar skólans tekið það yfir og eru nýttar sterkar hliðar kennaranna, því það eru sérfræðingar á mörgum sviðum meðal hópsins, að sögn stjórnenda.

Á síðasta ári boðaði þjónustumiðstöðin til hverfafundar alla stjórnendum úr grunnskólum, leikskólum, skátum og fulltrúa frá Bústöðum, lögreglunni ásamt sóknarpresti. Þessir fundir hafa ekki verið haldnir í haust.

Ábendingar

- Stjórnunarteymi skólans er skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri almennrar kennslu og deildarstjóri sérkennslu.
- Stjórnendur hafa ekki með sér fasta fundi en mikið óformlegt samráð.
- Stjórnendur skipta með sér verkum við stjórnun skólans og er verkaskipting þeirra nokkuð skýr, starfslýsingar stjórnenda liggja fyrir.
- Í foreldrakönnun 2008 sögðust tæp 69% vera ánægð með stjórnunina, þar af sögðust rúm 20% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja á kvarðanum einn til fimm var 3,8 sem er undir meðaltali í borginni (4.0).
- Starfsmenn í rýnihópum segja stjórnendur vera styðjandi, það sé gott að leita til þeirra og aðgengi almennt gott.
- Kennarafundir eru haldnir reglulega og tvisvar á ári eru starfsmannafundir.
- Grunneining í samstarfi kennara eru árgangafundir þeirra einu sinni í viku og stigsfundir eru einu sinni í mánuði.
- Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda.
- Skoðaðar voru nokkrar stundatöflur nemenda. Hver nemandi fær persónulega stundatöflu sem sett er upp eftir að hópaskipting hefur verið ákveðin af kennurum
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en skóladagar nemenda í 6. bekk eru mislangir.
- Samstarf er við alla þrjá leikskólana í hverfinu og þeir koma reglulega í heimsókn í tengslum við skólabyrjun 6 ára nemenda.
- Stjórnendur segjast vilja hafa markvissara samstarf við Réttarholtsskóla um nemendur og eins við Fossvogsskóla um markmið og leiðir og kennsluhætti.

Stefnumótun

Stefnumótun Breiðagerðisskóla er sett fram í *Boðbera*, upplýsingahefti sem auk starfsáætlunar og stefnumótunar geymir almennar upplýsingar um skólastarf, foreldrasamstarf, stoðkerfi og agamál. Þar kemur fram að stefna skólans byggir á stefnumótun Reykjavíkurborgar í skólamálu með áherslu á að starfshættir séu opnir og sveigjanlegir, nemendur vinni sjálfstætt og í samvinnu við aðra með stuðningi upplýsinga- og samskiptatækni. Fjölbreytt vinnubrögð, frumkvæði og þekkingarleit eiga að einkenna starfið, kennslufræðilegur grunnur byggir á einstaklingsmiðuðu námi og skólinn skipuleggur nám barnanna út frá því (*Boðberi Breiðagerðisskóla 2009-2010*).

Í kafla um sérstöðu skólans er tilgreint, m.a. að hann er skóli fyrir börn frá 1.-7. bekk í fallegu grónu hverfi og í göngufæri við Elliðaárdal. Árgangurinn er ein heild og lögð áhersla á félagslega blöndun og teymisvinnu um hvern árgang. Áhersla er á metnaðarfulla kennslu og að list- og verkgreinar skipa stóran sess í starfinu. Foreldrafélag er öflugt og rík hefð fyrir þátttöku foreldra í skemmtunum á vegum skólans, s.s. jólaskemmtun (*Boðberi Breiðagerðisskóla 2009-2010 – Sérstaða skólans*).

Sett er fram sérstök stefna í tólmstunda- og félagsstarfi, markmið í félagslegu uppeldi eru að hver og einn læri að umgangast aðra af virðingu og tillitssemi, að hver og einn öðlist

sjálfsöryggi og geti notið sín með öðrum, að leggja áherslu á jákvæð samskipti. Síðan eru tilgreindar þær leiðir sem skólinn fer til að ná félagslegum markmiðum (*Boðberi Breiðagerðisskóla 2009-2010*, s. 9).

Stjórnendur hafa unnið að því að setja fram stefnu skólans í stefnukorti, þar er byggt á stefnu skólans eins og hún er sett fram í *Boðbera*, þrjú gildi eru sett fram: **Menntun – samvinna – vellíðan** og tilgreint hvaða hugtök felast í hverju gildi. Markmið og mælikvarðar eru settir fram í fjórum víddum: Fjármál – mannauður – innri ferlar – skólasamfélagið (Breiðagerðisskóli. Stefnukort 2009)

Almennt virðast starfsmenn þekkja þokkalega vel stefnu og markmið skólans. Í viðhorfskönnun 2009 fær spurningin „Ég þekki markmið og stefnu vinnustaðar míns“ gildið 4,25 (meðaltal MSR var 4,30). Spurningin „Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar míns“ er einnig um meðaltal borgarinnar (4,13 á móti 4,12).

Markmið og áætlanir

Markmið námsgreina eru sett fram í skólanámskrá fyrir hvern árgang. Fram kemur að námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007. Í skólanámskránni koma fram markmið greina fyrir árganginn auk upplýsinga um samstarf við foreldra, nestis- og matarmál nemenda og almennra upplýsinga um starfið í árganginum, m.a. hópaskiptingu.

Í hverri námsgrein koma fram meginmarkmið og efnispættir, fjallað er um leiðir að markmiðum, námsgögn, námsmat og heimanám. Í hverri árganganámskrá er einnig fjallað um sérkennslu og í yngri árgöngum um útikennslu.

Kennarar gera sameiginlega áætlun fyrir árganginn og hópa innan hans. Áætlunin er skráð í vinnubók kennarans þar sem vinnuskipulagið birtist viku fyrir viku á stundatöflu hópsins. Ekki kemur fram hvernig þessar áætlanir eru birtar foreldrum. Árganganámskrár sem samsvara náms- og kennsluáætlunum eru birtar á heimasíðu og fyrir liggja kennsluáætlanir fyrir verkefni í *Byrjendalæsi* og í gagnvirkum lestri. Kennsluáætlun í heimilisfræði fyrir skólaárið liggur fyrir þar sem verkefnum fyrir hvern árgang hefur verið raðað á tímana.

Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá.

Ábendingar

- Stefna skólans kemur skýrt fram í almennum hluta skólanámskrár, stefna skólans byggir á stefnumótun Reykjavíkurborgar í skólamálum með áherslu á að starfshættir séu opnir og sveigjanlegir, nemendur vinni sjálfstætt og í samvinnu við aðra með stuðningi upplýsinga- og samskiptatækni.
- Stefna og markmið í félagslegu uppeldi eru að hver og einn læri að umgangast aðra af virðingu og tillitssemi, að hver og einn öðlist sjálfsöryggi og geti notið sín með öðrum, að leggja áherslu á jákvæð samskipti.
- Stjórnendur hafa unnið að því að setja fram stefnu skólans í stefnukorti, þrjú gildi eru sett fram: **Menntun – samvinna – vellíðan**. Markmið og mælikvarðar eru settir fram í fjórum víddum.
- Almennt virðast starfsmenn þekkja þokkalega vel stefnu og markmið skólans. Í viðhorfskönnun 2009 fær spurningin „Ég þekki markmið og stefnu vinnustaðar míns“

gildið 4,25 (meðaltal MSR var 4,30). Spurningin „Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar mín“ er einnig um meðaltal borgarinnar (4,13 á móti 4,12).

- Markmið námsgreina eru sett fram í skólanámskrá fyrir hvern árgang. Fram kemur að námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007.
- Í hverri námsgrein koma fram meginmarkmið og efnisþættir, fjallað er um leiðir að markmiðum, námsgögn, námsmat og heimanám. Í hverri árganganámskrá er einnig fjallað um sérkennslu og í yngri árgöngum um útikennslu
- Kennarar gera sameiginlega áætlun fyrir árganginn og hópa innan hans. Áætlunin er skráð í vinnuskipulag kennarans. Ekki kemur fram hvernig þessar áætlanir eru birtar foreldrum.
- Fyrir liggja kennsluáætlanir fyrir verkefni í byrjendalæsi og í gagnvirkum lestri og kennsluáætlun í heimilisfræði. Árganganámskrár sem samsvara náms- og kennsluáætlunum eru birtar á heimasíðu.
- Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá.

Nemendur og líðan

Í stefnumörkun skólans er lögð mikil áhersla á að vinna með nemendum að góðum og jákvæðum samskiptum, nemendum er kennt að leysa ágreiningsmál friðsamlega og á jákvæðan hátt, taka tillit til annarra og temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Til að þjálfa nemendur í jákvæðum samskiptum telur skólinn farsælast að bjóða upp á mikla samvinnu nemenda þannig að þau þjálfist gegnum raunveruleg viðfangsefni (*Bodðberi Breiðagerðisskóla*, 2009-2010, s. 8).

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Breiðagerðisskóla sú að tæp 70% nemenda svöruðu að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum.³ Það er undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var um 91% (Ungt fólk, 2009).

Í könnun skólans sem lögð var fyrir nemendur í 4. og 5. bekk í maí 2009 kemur fram að um 72% finnst skólinn mjög eða frekar góður, um 88% eru mjög eða frekar ánægð með kennara sína og 83% finnst oft eða alltaf gaman í skólanum og líður þar vel. Skólareglur finnast nemendum almennt skýrar (82%) en aðeins 63% telja að oft eða alltaf sé farið eftir þeim, 37% svara að sjaldan sé farið eftir þeim. Aðspurð um vinnufrið svara 48% að hann sé oft eða alltaf góður en um 47% að hann sé stundum góður.

Skólinn er þátttakandi í *Skólapúlslinunum*, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.⁴

³ Spurt er í könnuninni *Ungt fólk 2009* sem tekur til allra nemenda í 5.-7. bekk á landinu: Hvernig líður þér oftast í kennslustundum, 91% nemenda svara mjög eða frekar vel. Í sérstakri skýrslu fyrir Breiðagerðisskóla er í sömu spurningu dregið fram hve stórt hlutfall nemenda það er sem líður illa í kennslustundum, í Breiðagerðisskóla eru það 69,7% sem líður aldrei eða næstum aldrei illa, þeir sem svara að þeim líði sjaldan eða stundum illa eru 25,9% og oft eða alltaf 4,5%.

⁴ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

Í könnun *Skólapúlsins* sem lögð var fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk Breiðagerðisskóla í október 2009 kemur fram að skólinn er yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri og áhuga á stærðfræði. Þegar spurt er um trú á eigin getu er hún aðeins undir landsmeðaltali í íslensku en aðeins yfir í stærðfræði og almennt virðast nemendur hafa meiri trú á eigin getu í stærðfræði en íslensku. Spurningar um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vanlíðan sýna einnig hærra meðaltal í Breiðagerðisskóla en almennt á landinu, en spurningar um aga í tímum og einelti koma svipað út og almennt. Sama er að segja um stuðning kennara við nemendur og virkni nemenda í tímum meðan samband nemenda við kennara skorar aðeins yfir landsmeðaltali.

Foreldrar barna í Breiðagerðisskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,0 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast* vel. Meðaltalið í borginni allri var 4,1. Sömu sögu er að segja um líðan í *kennslustofum*, í *frímínútum* og í *íþróttum*, meðaltölin í Breiðagerðisskóla voru 4,0 en borgarinnar 4,1. Skólinn var enn meira undir meðaltali borgarinnar þegar spurt var um líðan á *frístundaheimili*. Meðaltal skólans var 3,8 en aftur var það 4,1 í borginni. Líðan nemenda í skólanum var því yfir heildina *oftast* góð, en alltaf undir meðaltali borgarinnar (Foreldrakönnun 2008).

Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti, hluti af vinnu við áætlunina er að kanna reglulega líðan nemenda, niðurstöður hafa verið nýttar til að vinna að bættri líðan nemenda. Við skólann er eineltisteymi og fyrir liggur eineltisáætlun/aðgerðaáætlun gegn einelti og reglur nemenda þar sem kemur fram hvernig forðast ber eineltishegðun.

Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir haustið 2007 í 4.-7. bekk kemur fram að 9% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti, og jafnframt að einelti eykst milli skólaára, sérstaklega hjá stúlkum. Hlutfall nemenda sem segjast hafa orðið fyrir einelti er þó lægra í Breiðagerðisskóla en að meðaltali í skólum borgarinnar. Eineltið á sér helst stað á skólalóð, á göngum og í matsal. Í sjálfsmatsskýrslu skólans frá 2008 er greint frá því að í foreldrakönnun skólans sama ár segjast rúmlega 44% foreldra sammála eða frekar sammála því að einelti tíðkist í skólanum.

Af 60 foreldrum í Breiðagerðisskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun Menntasviðs 2008 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu fimmtán eða 25% svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 21%. Mikilvægt er að muna að ekki er öruggt að eineltið hafi átt sér stað í tilteknum skóla. Af þessum fimmtán foreldrum sögðust átta vera *mjög* eða *frekar sáttir* með hvernig tekið var á eineltinu af hendi skólans, tveir merktu við *hvorki né* en fimm sögðust vera *frekar* eða *mjög ósáttir* (Foreldrakönnun 2008).

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði „bara vel“ í skólanum og telja að flestum líði vel. Þau segja að það sé einelti í skólanum þó þau hafi ekki lent í því sjálf, „mig langar að hjálpa en þori ekki“, segir ein. Þau nefna líka að í frímínútum sé hægt að leita til fullorðinna og „verndara“ eða skólavina.

Almennt telja nemendur að krakkar séu góðir vinir, sérstaklega bekkjarfélagarnir.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína „þeir kunna að kenna“, koma vel fram við nemendur og eru mjög sjaldan strangir, kemur fram í rýnihópum þeirra. Þeim finnst of lítið hrós í skólanum og „ef einhver einn gerir eitthvað af sér þarf að refsa öllum“. Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum, sundi, útivist og dansi.

Ábendingar

- Í stefnumörkun skólans er lögð mikil áhersla á að vinna með nemendum að góðum og jákvæðum samskiptum.
- Í könnun sem lögð var fyrir 5.-7. bekk vorið 2009 var spurt um líðan nemenda í kennslustundum í Breiðagerðisskóla svöruðu tæp 70% nemenda að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var um 91% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun skólans sem lögð var fyrir nemendur í 4. og 5. bekk í maí 2009 koma fram almennt jákvæð viðhorf til skólans, um 72% finnst skólinn mjög eða frekar góður, um 88% eru mjög eða frekar ánægð með kennara sína og 83% finnst oft eða alltaf gaman í skólanum og líður þar vel.
- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk Breiðagerðisskóla í október 2009 kemur fram að skólinn er yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri og áhuga á stærðfræði. Þegar spurt er um trú á eigin getu er hún aðeins undir landsmeðaltali í íslensku en aðeins yfir í stærðfræði og almennt virðast nemendur hafa meiri trú á eigin getu í stærðfræði en íslensku.
- Í foreldrakönnun 2008 mátu foreldrar í Breiðagerðisskóla líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,0 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali oftast vel. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn kannar árlega líðan nemenda og einelti í tengslum við Olweusarverkefni. Í könnun sem lögð var fyrir haustið 2007 í 4.-7. bekk kemur fram að 9% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti, það eykst aðeins milli skólaára, en er þó lægra í Breiðagerðisskóla en að meðaltali í skólum borgarinnar.
- Við skólann er eineltisteymi og fyrir liggur eineltisáætlun/aðgerðaáætlun gegn einelti og reglur nemenda þar sem kemur fram hvernig forðast ber eineltishegðun.
- Af 60 foreldrum í Breiðagerðisskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun Menntasviðs 2008 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu fimmtán eða 25% svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 21%.
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði „bara vel“ í skólanum og telja að flestum líði vel. Þau segja að það sé einelti í skólanum þó þau hafi ekki lent í því sjálf, „mig langar að hjálpa en þori ekki“, segir ein. Þau nefna líka að í frímínútum sé hægt að leita til fullorðinna og „verndara“ eða skólavina.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína „þeir kunna að kenna“, koma vel fram við nemendur og eru mjög sjaldan strangir, kemur fram í rýnihópum þeirra. Þeim finnst of lítið hrós í skólanum og „ef einhver einn gerir eitthvað af sér þarf að refsa öllum“.
- Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum, sundi, útivist og dansi.

Stjórn nemendafélags

Stjórn nemendafélags er skipuð 6 fulltrúum, tveimur nemendum úr hverjum árgangi í 5.-7. bekk. Þeir sem fá næstflest atkvæði eru varamenn, þ.e. tveir fyrir hvern árgang. Þess er gætt að kynjahlutföll séu jöfn, en einn drengur og ein stúlka sitja í ráðinu fyrir hönd hvers árgangs. Allir nemendur þessara árganga eru í framboði. Nemendur skrifa nöfn þeirra bekkjarfélaga á miða sem þau vilja að sitji í ráðinu í leynilegri kosningu. Tveir fulltrúa í nemendaráði sitja einnig í skólaráði.

Embættum er ekki skipt á milli fulltrúanna, allir eru jafnir. Námsráðgjafi skólans heldur utan um starfsemi ráðsins og fundar með fulltrúunum. Á rýnifundi með ráðinu kom fram að þau

teldu þann aðila hafa mest um starfsemi ráðsins að segja. Einn fulltrúinn skrifar yfirleitt fundargerðirnar.

Fulltrúarnir sögðust hafa fengið leiðsögn um það hvert hlutverk þeirra væri í nemendaráði. Fundir eru haldnir tvisvar í mánuði, ekki á föstum fundartímum, heldur eru nemendur kallaðir úr tímum þegar fundir eru haldnir. Skólastjórnirnar sitja stundum fundi nemendaráðsins.

Nemendum í ráðinu sögðust finna að þau hefðu áhrif í skólastarfinu, en verkefni þeirra snúa mest að viðfangsefnum sem viðkoma skólastarfinu beint en þau skipuleggja þó eitthvað félagslíf utan skóla. Þau hafa skýrt hlutverk í verkefninu „Skólavinir“ en í því felst að elstu nemendur skólans aðstoða önnur börn í frímínútum og eiga að vera vakandi fyrir einelti og því að nemendur séu vinalausir og útundan. Einnig er það líka hlutverk nemendaráðs að vinna að því að gengið sé vel um umhverfi skólans og skólann sjálfan. Þau hafa komið athugasemdum á framfæri, t.d. vegna lýsingar á skólalóð og brugðist var við þeim ábendingum.

Þegar nemendur voru spurðir að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu sjá öðruvísi í störfum nemendaráðs sögðu þau að þau myndu gjarnan vilja skipuleggja meira af skemmtunum og öðrum viðburðum, s.s. íþróttamótum. Þau væru fullmikið í að sinna „alvarlegum“ málum. ÍTR kemur ekki að félagsstarfi með stjórn nemendafélagsins. Upplýsingar um stjórn nemendafélags hafa ekki verið uppfærðar fyrir skólaárið 2009-2010 á heimasíðu skólans en finna má annars upplýsingar um störf nemendaráðsins og skólavinaverkefnið þar.

Félagslíf

Haldin eru bekkjarkvöld sem foreldrafélag og bekkjarfulltrúar skipuleggja, haust- og vorhátíð og bekkjarhátíðir, á jólaskemmtanir er foreldrum boðið að koma og taka þátt og fylgjast með skemmtiatriðum sem bekkirnir setja upp.

Tilbreyting er oft á föstudögum, að sögn yngri nemenda, farið í TBR-húsið eða Grundargerðisgarð. Nemendum á miðstigi finnst að skemmtanir mættu vera fleiri og fjölbreytilegri.

Ábendingar

- Kosið er til stjórnar nemendafélags með þeim hætti að allir nemendur eru í framboði og þess er gætt að kynjahlutföll séu jöfn.
- Embættum er ekki skipt á milli fulltrúa, athuga má hvort það myndi styrkja ráðið að ábyrgðarhlutverk væru skýrari.
- Nemendurnir hafa skýrt hlutverk í verkefnum í skólastarfinu og finnst þau hafa áhrif og á þau sé hlustað. Þau myndu þó vilja skipuleggja meira af skemmtunum og öðrum viðburðum.
- Uppfæra má upplýsingar um nemendaráðið á heimasíðu skólans.

Reglur og agi

Skólareglur eru birtar í *Boðbera*, upplýsingahefti um skólastarfið og á heimasíðu skólans, þar er lögð áhersla á stundvísi, góða umgengni, kurteisi og tillitssemi. Sérstakar reglur, snjóreglur eru um snjókast þar sem fram kemur hvar nemendur mega vera og hvar ekki og hvað er bannað.

Reglurnar eru kynntar foreldrum í námskynningum og í bekkjum að hausti. Viðbrögð við brotum á skólareglum eru einnig birt, þ.e. verklagsreglur Menntasviðs, þar kemur fram hver tekur á agamálum hverju sinni og hvernig brugðist er við. Ekki kemur fram hvernig nemendur eru hvattir til að fara að reglunum (sjá fylgiskjal; gátlisti um skólareglur).

Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og eru með þær „á hreinu“, þær hanga á vegg í sumum stofum. Þeir sem brjóta reglur fara til skólastjóra, segja þau, en það fer þó eftir því hvað það er. Þeim finnst þau örugg í skólanum „stundum bara alltof öruggt og mætti vera frjálsara“.

Starfsfólk í rýnihópum telur reglur skýrar, en kannski ekki farið eftir þeim og er þá átt við bæði nemendur og starfsfólk. Eins þarf að skerpa á því og samræma hvernig brugðist er við þegar reglur eru brotnar. Hegðunarvandamál eru viðvarandi hjá einstaka nemendum, kemur fram í rýnihópi, en verið er að vinna í þeim málum. Að mati fulltrúa í rýnihópi er lögð mikil vinna í agamál af hálfu stjórnenda.

Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir). Í rýnihópi nemenda kemur fram að þeim finnst ekki alltaf vera vinnufriður í tímum.

Í foreldrakönnun 2008 kom fram að um 79% svarenda í Breiðagerðisskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (70%).

Ábendingar

- Skólareglur eru birtar í *Boðbera*, upplýsingahefti um skólastarfið og á heimasíðu skólans, þar er lögð áhersla á stundvísi, góða umgengni, kurteisi og tillitssemi.
- Sérstakar reglur, snjóreglur eru um snjókast þar sem fram kemur hvar nemendur mega vera og hvar ekki og hvað er bannað.
- Viðbrögð við brotum á skólareglum eru einnig birt, þ.e. verklagsreglur Menntasviðs, þar kemur fram hver tekur á agamálum hverju sinni og hvernig brugðist er við.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og eru með þær „á hreinu“, þær hanga á vegg í sumum stofum
- Starfsfólk í rýnihópum telur reglur skýrar, en kannski ekki farið eftir þeim og er þá átt við bæði nemendur og starfsfólk. Eins þarf að skerpa á því og samræma hvernig brugðist er við þegar reglur eru brotnar.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Í foreldrakönnun 2008 kom fram að 79% svarenda í Breiðagerðisskóla fannst aginn hæfilegur sem yfir meðaltali í borginni allri (70%).

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2009 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvistir (óheimilar) eru óverulegar og koma aðeins fyrir hjá 7. bekk, í þeim árgangi er einnig hlutfallslega mest um leyfi.

Ábendingar

- Fjarvistir (óheimilar) eru óverulegar.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í foreldrakönnuninni vorið 2008 svöruðu 67 foreldrar í Breiðagerðisskóla könnuninni af 97 í úrtaki, sem er rúmlega 69% svörun. Svarhlutfallið var 70,7% fyrir alla grunnskólana í borginni. Í skólanum voru 330 nemendur skólaárið 2007-2008, sem þýðir að svör vegna rúmlega 20% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Helstu niðurstöður voru þær að rúmlega 71% foreldranna sögðust vera ánægð með skóla barnanna, þar af sögðust rúm 24% vera *mjög ánægð*. Ánægja foreldra barna í Breiðagerðisskóla mældist 84% í fyrstu foreldrakönnuninni árið 2000, en hefur lækkað síðan, mest á milli mælinga 2004 og 2006. Þrátt fyrir þetta var meðaltalsánægjan í skólanum hærrí í mælingunni 2008 en hún var tveimur árum áður. Af fimm mögulegum var hún 3,9 árið 2008 en 3,7 árið 2006. Meðaltalsánægjan í borginni allri fyrir árið 2008 var 4,0 og skólinn því fyrir neðan meðaltal. Fyrstu niðurstöður úr foreldrakönnun 2010 sýna að ánægja foreldra eykst verulega og mælist tæplega 84% sem er svipað meðaltalsánægju í borginni.

Foreldrar í rýnihópi nefna að mikil umhyggja og vilji til að þjónusta nemendur einkenni skólann og stjórnendur sérstaklega.

Í spurningu um stjórnun skólans sögðust tæp 69% vera ánægð með stjórnunina, þar af sögðust rúm 20% vera *mjög ánægð*. Í könnuninni árið 2000 voru um 92% ánægð með stjórnunina en hlutfallið lækkaði jafnt og þétt í næstu þremur mælingum og var komið undir 60% í könnuninni 2006. Það hækkaði því um u.þ.b. tíu prósentustig á milli mælinga 2006 og 2008. Meðaltalsánægjan árið 2008 á kvarðanum einn til fimm var 3,8 sem er 0,2 herra en hún var árið 2006. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2008 var 4,0 og ánægja foreldra í Breiðagerðisskóla með stjórnunina því undir meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil. Í fimm af sex spurningum um umsjónarkennarann voru meðaltölin í skólanum yfir fjórum. Oftast voru meðaltölin þau sömu og meðaltöl borgarinnar.

Foreldrar barna í Breiðagerðisskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,0 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast* vel. Meðaltalið í borginni allri var 4,1. Sömu sögu er að segja um líðan í *kennslustofum*, í *frímínútum* og í *íþróttum*, meðaltölin í Breiðagerðisskóla voru 4,0 en borgarinnar 4,1. Skólinn var enn meira undir meðaltali borgarinnar þegar spurt var um líðan á *frístundaheimili*. Meðaltal skólans var 3,8 en aftur var það 4,1 í borginni. Líðan nemenda í skólanum var því yfir heildina *oftast* góð, en alltaf undir meðaltali borgarinnar.

Af öðrum þáttum má nefna að um 79% svarenda í Breiðagerðisskóla fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar*, og næstum sama hlutfall fannst aginn *hæfilegur*. Í báðum tilvikum var skólinn yfir meðaltali borgarinnar. Færri foreldrum fannst hinsvegar heimavinnan *hæfileg*, eða 66% en á móti um 71% í borginni.

Sé miðað við fyrri foreldrakannanir í Breiðagerðisskóla, þá var ánægja foreldra í nýjustu könnuninni mun herra hvað varðaði almennt ástand húsnæðis, aðstöðu fyrir verklegar greinar, aðgang nemenda að tölvum og aðstöðu til að matast. Ánægjan hefur hinsvegar verið meiri í fyrri könnunum hvað varðar leikaðstöðu og gæslu á skólalóð.

Í opnu svörunum kom helst fram ánægja með sýnileika og manngæsku stjórnenda. Erfitt er að benda á einstaka þætti þegar það var talið upp sem betur mætti fara, en mest áberandi voru kvartanir vegna aðstöðu og svo voru nokkrir þeirrar skoðunar að ekki væri nóg gert í eineltismálum.

Í heildina kom skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2008. Þótt hann hafi verið undir meðaltali í nokkrum lykilsurningum, þá hafa meðaltölin í þeim sumum verið á uppleið. Ánægja var með skólann almennt, stjórnunina, umsjónarkennara, aga og námslegar kröfur. Skólinn var alltaf undir meðaltali í spurningum um líðan nemenda en engu að síður mátu foreldrar líðan barna sinna sem *oftast* góða. Einhverrar óánægju virtist gæta með eineltismál og ástand á skólalóð.

Skólaráð og foreldrafélag

Gert er ráð fyrir að skólaráð hittist mánaðarlega en það hefur ekki gengið eftir á haustönn og fundir fallið niður. Skólaráðið starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og aðstoðarskólastjóri er ritari ráðsins einnig eru þrír fulltrúar starfsmanna auk fulltrúa foreldra og nemenda. Fundir eru ekki boðaðir með dagskrá en skólastjóri hefur sent fulltrúum umræðupunkta fyrir fundi. Á heimasíðu undir skólaráð er að finna upplýsingar um hlutverk ráðsins og hverjir skipa það en fundargerðir hafa ekki verið settar inn. Í rýnihópi foreldra kemur fram að starf skólaráðs sé enn í mótun, frá því á síðastliðnu skólaári sem var fyrsta starfsárið, „það hefur farið tími í þessar breytingar“. Þau segja að leitað sé eftir álitum þeirra og tekið tillit til þess við ákvarðanatöku.

Foreldrafélag skólans er mjög virkt og stjórnin fundar reglulega. Að mati stjórnenda er gott samstarf við foreldrafélagið og það starfar mjög sjálfstætt. Fundargerðir eru ritaðar en hafa ekki farið inn á netið. Almennt er góð mæting á bekkjarkvöld og skemmtanir í skólanum, s.s. hausthátíð og jólaföndur en dræm mæting á fræðslufundi.

Árgangafulltrúar eru valdir í hverjum bekk, 3-5 fulltrúar eru starfandi fyrir hvern árgang. Hlutverk þeirra að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á árgangafundum, skemmtunum og öðrum verkefnum.

Ábendingar

- Helstu niðurstöður foreldrakönnunar 2008 voru þær að um 71% foreldranna sögðust vera ánægð með skóla barnanna, þar af sögðust 24% vera mjög ánægð.
- Fyrstu niðurstöður úr foreldrakönnun 2010 sýna að ánægja foreldra eykst verulega og mælist tæplega 84% sem er svipað meðaltalsánægju í borginni.
- Meðaltalsánægja foreldra er 3.9 (af 5) í Breiðagerðisskóla en 4.0 í borginni allri og Breiðagerðisskóli er því rétt undir meðaltali í þessari spurningu.
- Í spurningu um stjórnun skólans sögðust rúm 69% vera ánægð með stjórnunina, þar af sögðust tæp 20% vera mjög ánægð.
- Í heildina kom skólinn betur út en áður í foreldrakönnuninni fyrir árið 2008. Þótt hann hafi verið undir meðaltali í nokkrum lykilsurningum, þá hafa meðaltölin í þeim sumum verið að á uppleið.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í foreldrakönnun 2008.
- Foreldrar í rýnihópi nefna að mikil umhyggja og vilji til að þjónusta nemendur einkenni skólann og stjórnendur sérstaklega.
- Gert er ráð fyrir að skólaráð hittist mánaðarlega en það hefur ekki gengið eftir á haustönn og fundir fallið niður.

- Foreldrafélag skólans er mjög virkt og stjórnin fundar reglulega. Að mati stjórnenda er gott samstarf við foreldrafélagið og það starfar mjög sjálfstætt.
- Almennt er góð mæting á bekkjarkvöld og skemmtanir í skólanum, s.s. hausthátíð og jólaföndur en dræm mæting á fræðslufundi.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Foreldrar telja sig almennt fá ágætar upplýsingar um skólastarfið frá kennurum vikulega koma upplýsingar um hvað er að læra og hvað er að gerast í flestum árgöngum, segir í rýnihópi og þau telja opin samskipti við kennara einkennandi. Upplýsingamiðlun er þó mismunandi eftir árgöngum, ekki eru allir með vikulega miðlun upplýsinga nema þá um heimanám. Sú rödd heyrst einnig í rýnihópi að upplýsingaflæði frá skólanum þyrfti að skerpa og er vísað í atvik sem tengjast einstaklingsmálum og foreldrar hafa ekki fengið upplýsingar fyrir en búið var að taka á málinu.

Skólastjóri er duglegur að auglýsa alla viðburði að mati rýnihóps foreldra. Í foreldrakönnun 2008 sögðust tæp 87% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði skólanum, þarf af voru rúm 38% mjög ánægð. Þrír svarendur af 60 (5%) voru óánægðir. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4,2 í spurningunni, en meðaltalið í Rvík allri var 4,1.

Í skólanámskrá er fjallað um mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í skólastarfinu. Einstaklingsfundir með foreldrum, nemanda og kennara eru tvisvar á vetri, markmiðið er veita upplýsingar um námslega og félagslega stöðu nemenda. Kynningar á vetrarstarfi fara fram á haustin, markmið þeirra er að kynna foreldrum starfið í skólanum og efla þannig tengsl heimila og skóla. Námskeið fyrir foreldra 1. bekkinga er haldið að hausti, markmiðið er að kynna þeim áherslur, viðfangsefni og námskröfur, skólareglur, stoðkerfi skólans, og einnig að stuðla að kynnum kennara og foreldra og foreldra sín á milli (*Bodberi*, s. 40).

Heimasíðan gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun og hefur m.a. komið í staðinn fyrir fréttabréf sem áður var gefið út nokkrum sinnum á ári.

Í viðhorfakönnun starfsmanna 2009 fær spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu ánægður eða óánægður ertu með samskipti þín við foreldra?“ gildið 4,13, sem er aðeins hærra en meðaltalsgildi allra grunnskóla (4,08). Tæp 79% starfsmanna eru ánægð með samskiptin, 21% svara hvorki né og enginn er óánægður. Svipað hlutfall starfsmanna Breiðagerðisskóla telur sig hafa orðið fyrir áreitni frá þjónustubegum sl. 12 mánuði og almennt á MSR (13% miðað við meðaltalshlutfallið 12%). Þetta er mikil lækkun frá 2008 en þá töldu 28% svarenda í Breiðagerðisskóla sig hafa orðið fyrir áreitni frá nemendum og foreldrum og er því ljóst að umtalsverð breyting hefur orðið til hins betra á þessum þætti.

Í rýnihópi kennara kemur fram að samskipti við foreldra séu oftast jákvæð, „foreldrar geta alltaf hringt og svo er Mentor og tölvupóstur“. Nefnt er sem dæmi um samskipti við foreldra að námsefniskynningar voru í höndum nemenda sl. haust, góð mæting var og „lukkaðist vel“.

Ábendingar

- Foreldrar telja sig almennt fá ágætar upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, vikulega koma upplýsingar um hvað er að læra og hvað er að gerast í flestum árgöngum.

- Sú rödd heyrir einnig í rýnihópi að upplýsingaflæði frá skólanum þyrfti að skerpa.
- Heimasíðan gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun.
- Einstaklingsfundir með foreldrum, nemanda og kennara eru tvisvar á vetri, markmiðið er veita upplýsingar um námslega og félagslega stöðu nemenda.
- Kynningar á vetrarstarfi fara fram á haustin, markmið þeirra er að kynna foreldrum starfið í skólanum og efla þannig tengsl heimila og skóla.
- Námskeið fyrir foreldra 1. bekkinga er haldið að hausti, markmiðið er að kynna þeim áherslur, viðfangsefni og námskröfur, skólareglur, stoðkerfi skólans, og einnig að stuðla að kynnum kennara og foreldra og foreldra sín á milli.
- Í skólanámskrá er fjallað um mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í skólastarfinu.
- Í viðhorfakönnun starfsmanna 2009 fær spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu ánægður eða óánægður ertu með samskipti þín við foreldra?“ gildið 4,13, sem er aðeins hærra en meðaltalsgildi allra grunnskóla (4,08).
- Svipað hlutfall starfsmanna Breiðagerðisskóla telur sig hafa orðið fyrir áreitni frá þjónustugegum sl. 12 mánuði og almennt á MSR (13% miðað við meðaltalshlutfallið 12%).
- Í rýnihópi kennara kemur fram að samskipti við foreldra séu oftast jákvæð, „foreldrar geta alltaf hringt og svo er Mentor og tölvupóstur“.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Í stefnu skólans eru þrjú gildi sett fram: **Menntun – samvinna – vellíðan.**

Í skólanámskrá Breiðagerðisskóla kemur fram að kennslufræðilegur grunnur byggir á einstaklingsmiðuðu námi, gengið er út frá því að einstaklingar séu mismunandi, hæfileikar þeirra liggi á mismunandi sviðum og skólinn þurfi að skipuleggja nám barnanna út frá því. Heppilegustu leiðina til að koma á mótis við ólíkar þarfir nemenda telur skólinn vera fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem einstaklingar fá að njóta sín, nemendur fá tækifæri til að til að nálgast viðfangsefni sín út frá fjölbreyttum leiðum og læra hver af öðrum. Lögð er áhersla á skapandi vinnu og aukið vægi list- og verkgreina í náminu (*Boðberi Breiðagerðisskóla 2009-2010, s. 7*).

Skólinn leggur einnig áherslu á að nálgast einstaklingsmiðað nám á þann hátt að allir nemendur fari í gegnum ákveðna grunnþætti í námsefninu og fjölbreyttar kennsluaðferðir komi til móts við nemendur sem tileinka sér námið eftir mismunandi leiðum þannig að sterkar hliðar nemenda nýtast, geta þeirra og áhugi ráði ferðinni, nemendur læri hver af öðrum og sjálfstæði í námi eflist. Kennsluaðferðir sem lögð er áhersla á eru söguaðferð, samvinnunám, hringekjuform og valsvæði auk þess að nýta umhverfið til kennslu (*Boðberi Breiðagerðisskóla 2009-2010, s. 7*). Í sérstökum kafla um einstaklingsmiðað nám í skólanámskrá Breiðagerðisskóla er gerð grein fyrir helstu kennsluaðferðum sem notaðar eru í skólanum.

Í vettvangsathugunum voru nemendur ýmist að vinna einir eða í hópum, sjálfstætt eða undir beinni stjórn kennara en oftast allir að sama eða hliðstæðu verkefni. Getuskiptir hópar voru í stærðfræði í 6. bekk en í öðrum greinum og árgöngum voru hóparnir getublandaðir.

Skólasafn er staðsett miðsvæðis í skólanum í nýbyggingu. Starfsemin felst í útlánnum og stefnt er að því að allir nemendur fái reglulega tíma á safninu til að læra á safnið, fá sögustundir og leita heimilda. Skólasafninu er meðal annars ætlað það hlutverk að styðja sem best við það sem fer fram í skólanum og aðstoða nemendur og starfsfólk við öflun hverskonar efnis (heimasíða Breiðagerðisskóla/bókasafn). Allir árgangar koma á skólasafnið í hópum sem skiptast á fyrir og eftir jól. Nemendur fá mikið lánað af bókum á safninu til lestrar og leggur bókasafnsfræðingur áherslu á að þau læri að skrá bækur til útláns og skila og afgreiði sig þannig sjálf. Áherslur í safnkennslunni eru að kynna bókasafnskerfi og uppbyggingu safnsins fyrir yngstu nemendum, 5. bekkur vinnur ritgerð á safni og 7. bekkur bókaumfjöllun.

Námsmat

Námsmati í Breiðagerðisskóla er skipt upp í leiðsagnarmat og lokamat samkvæmt upplýsingum í skólanámskrá, hugtökin eru skilgreind þannig að lokamat sé til að athuga námsstöðu og upplýsa aðra um námið en leiðsagnarmat til að bæta nám og upplýsa nemendur um framfarir þeirra (*Boðberi Breiðagerðisskóla 2009-2010, s. 37*).

Lokamat er afhent tvisvar á ári í lok janúar og lok maí. Lokamatið byggist á prófum, verkefnum og stærri verkefnum, nemendur fá annars vegar námseinkunn og hins vegar vinnueinkunn sem fengin er fyrir ástundun, þátttöku í umræðum, vinnubækur o.fl. Matskvarðar hafa verið gerðir í list- og verkgreinum út frá markmiðum. Í janúar er matið afhent í viðtölum við foreldra og nemendur en að vori fá nemendur það afhent síðasta

skóladaginn. Leiðsagnarmatið fer fram jafnt og þétt. Sjálfsmat nemenda er hluti af námsmati nokkrum sinnum á vetri, það er sett í vinnubækur og verkefni, nemendur gefa sér fyrir bókina eða verkefnið áður en þeir skila til kennara (*Boðberi Breiðagerðisskóla 2009-2010*, s. 38). Auk þess meta nemendur eigin líðan og virkni í sjálfsmati. Í árganganámskrám er gerð grein fyrir námsmati í hverri grein, lokamati og leiðsagnarmati og því hvernig framfarir eru metnar.

Á vitnisburðablaði kemur fram einkunn á fjórskiptum kvarða í yngri deildum, afburðagott, mjög gott, gott og nokkuð gott. Eldri nemendur fá vitnisburð í tölum frá 1-10.

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn vel áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 4 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni, skipulagsstoðinni og námsumhverfisstöðinni (sjá fylgiskjal, matstæki um einstaklingsmiðað nám).


Í vettvangsathugunum kemur fram að nemendur eru ýmist að vinna að sömu eða hliðstæðum verkefnum á sama tíma undir stjórn kennara eða að takast við ólík verkefni eða ólíka útfærslu verkefna sem einstaklingar eða í hópum. „Kennslan er mjög fjölbreytt og miðast við einstaklingana og unnið í 2-3 þyngdarflokkum í stofunni“, segir í rýnihópi kennara á yngsta stigi. „Fjölbreyttir kennsluhættir og verkefni mismunandi“, kemur fram hjá rýnihópi kennara eldri barna, og breidd í kennsluáðferðum.

Nemendur blandast í ólíka hópa innan hvers árgangs eftir viðfangsefnum eða greinum allan skólatímamann þannig að litið er á árganginn alfarið sem eina heild. Í rýnihópi kennara kemur fram að þeir eru ánægðir með þetta og telja að þetta stuðli að því að nemendur kynnist og læri að vinna með ólíkum einstaklingum. Markviss samvinna nemenda er eitt af markmiðum skólans. Einnig er nefnt að skólinn hefur lagt áherslu á faggreinakennslu og að kennarar sérhæfi sig í sínu fagi og kenni það í öllum árganginum, stærðfræði er nefnd sem dæmi um það. Eitthvað hefur þó dregið úr faggreinaáherslu í yngri deildum og meiri áhersla lögð á samþætt verkefni. Almennt eru hópar getublandaðir en í einstaka árgöngum og greinum er búnir til getuskiptir hópar.

Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í námi en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.

Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Mat á gæðum kennslustunda



Vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 28 kennslustundir í 1.-7. bekk. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá meðfylgjandi fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar). Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða tæp 80% og 7% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara örugg. 4% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi.

Ábendingar

- Í skólanámskrá Breiðagerðisskóla kemur fram að kennslufræðilegur grunnur byggir á einstaklingsmiðuðu námi, gengið er út frá því að einstaklingar séu mismunandi, hæfileikar þeirra liggi á mismunandi sviðum og skólinn þurfi að skipuleggja nám barnanna út frá því.
- Kennsluáðferðir sem lögð er áhersla á eru söguaðferð, samvinnunám, hringekjuform og valsvæði auk þess að nýta umhverfið til kennslu.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur ýmist að vinna einir eða í hópum, sjálfstætt eða undir beinni stjórn kennara en oftast allir að sama eða hliðstæðu verkefni.
- Skólasafn er staðsett miðsvæðis í skólanum í nýbyggingu, því er meðal annars ætlað það hlutverk að styðja sem best við það sem fer fram í skólanum og aðstoða nemendur og starfsfólk við öflun hverskonar efnis.
- Námsmati í Breiðagerðisskóla er skipt upp í leiðsagnarmat, lokamat og sjálfsmat nemenda.
- Skólstarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn vel áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 4 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni, skipulagsstoðinni og námsumhverfisstoðinni (sjá fylgiskjal, matstæki um einstaklingsmiðað nám).
- Nemendur blandast í ólíka hópa innan hvers árgangs eftir viðfangsefnum eða greinum allan skólatímann þannig að litið er á árganginn alfarið sem eina heild. Í rýnihópi kennara kemur fram að þeir eru ánægðir með þetta og telja að þetta stuðli að því að nemendur kynnist og læri að vinna með ólíkum einstaklingum.
- Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í námi en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttari og krefjandi verkefnum nemenda.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða tæp 80% og 7% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara örugg. 4% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Deildarstjóri sérkennslu er í stjórnun 50% af starfinu, hún er yfirmaður stuðningsfulltrúa og í góðu samstarfi við skólastjórnendur.

Skólinn fylgir stefnu um skóla án aðgreiningar. Í skólanámskrá í kafla um stoðkennslu er hún skilgreind sem eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Lögð er sérstök áhersla á stuðning og ráðgjöf fyrir kennara, sérkennslu fyrir nemendur sem

ekki geta fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá sem er löguð að þroska og getu hvers og eins og stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan eða innan bekkjar (*Boðberi Breiðdagerðisskóla 2009-2010*, s. 48).

Markmið skólans varðandi sérkennslu eru nokkuð skýr að mati rýnihóps um sérkennslu, þau koma fram í Boðbera og farið hefur verið yfir þau á kennarafundum þar sem skólastjórinn hafi til dæmis útskýrt þau og reynt að gera starfsfólk upplýstara. Stefnt er að því í skólanum að auka vægi verklegra greina og nemendum með sérþarfir er boðið að vera meira í sérgreinum.

Aðstaða og aðbúnaður

Aðstaða til sérkennslu er mjög góð að mati rýnihóps, deildarstjóri með skrifstofu í stjórnunarrýminu og síðan er ein stofa fyrir sérkennslu á hvorri hæð. Aðstaða til undirbúningsvinnu er einnig góð. Í skólanum eru til flest gögn til sérkennslunnar en gott væri að mati rýnihóps að hafa fartölvur almennt inni í stofum. Hér í skólanum er reynt að verða við því sem beðið er um, segja fulltrúar í rýnihópi og telja sig hafa það sem þeir þurfa. Það sem helst er talið ábótavant er að hafa námsgögn á mismunandi stigum þannig að hægt sé að mæta þörfum nemenda.

Sérkennslan fer fram ýmist inni í hóp eða utan. Sumir nemendur eiga erfitt með að vera í kennslustofum þar sem oft er mikið áreiti.

Það eru engir líkamlega fatlaðir nemendur í skólanum eins og er, en á tímabili var einn hreyfihamlaður drengur, sett upp aðstaða fyrir hann, lyfta og fleira þannig er aukið við aðstöðuna eftir þörfum.

Viðhorf og líðan:

Viðhorfin eru mjög jákvæð gagnvart nemendum með sérþarfir rétt eins og öðrum nemendum, segir í rýnihópi um sérkennslu, krakkarnir sem eru í samskiptum við þá sem eru með sérþarfir gera sér yfirleitt grein fyrir að það sé eitthvað að hjá þeim og bregðast vel við. Það þykja forréttindi að komast í sérkennslu og frekar eftirsóttarvert en hitt, margir nemendur sækja sérstaklega í það.

Börn með þroskaskerðingu blandast nokkuð vel, að mati rýnihópsins en erfiðara fyrir sum börn að blandast félagslega, t.d. þau sem eru með Asperger. Í skólanum er mikil áhersla lögð á félagsfærni og á tímabili var sérstök þjálfun höfð í henni.

Skipulag og úrræði:

Ýmis könnunarpróf eru lögð fyrir nemendur til að finna þá sem hafa þörf fyrir stuðning eða sérstaka aðstoð, notast er við ákveðin viðmið, s.s. Talnalykil, *Byrjendalæsi* og hraðamælingar í lestri, hugtakapróf og athugun hjá talkennara og einnig samræmdu könnunarprófin í 4. og 7. bekk. Sérstök áhersla er lögð á skimanir í 1. bekk. Boðið er upp á ART-færniþjálfun undir handleiðslu sálfræðinga frá þjónustumiðstöðvum. Einnig er lögð áhersla á félagsfærniþjálfun fyrir nemendur með hegðunarvanda, kennd sjálfsstjórn og unnið að því að efla siðgæðisþroska.

Með einstaklingsáætlunum er reynt að fylgja eftir þörfum barnsins í hópnum. Markvisst er unnið með samskipti og sett upp markmið og umbunarkerfi og gerðar einstaklingsáætlanir fyrir flesta nemendur. Deildarstjóri sér aðallega um að gera áætlanir en er smátt og smátt að koma því yfir á umsjónarkennarana. Reynt er að hafa nemendur með við gerð áætlana.

Sumir sérkennaranna kenna í mismunandi hópum og nýtast þannig vel, aðrir kenna í ákveðnum árgöngum. Oft reyna sérkennararnir að aðstoða hina kennara inni í bekk og kenna ákveðin fög. Proskapjálfi er með ákveðin verkefni, hegðunarmótun, félagsfærni og stuðning við tjáningu einhverfra og stuðningsfulltrúar fylgja ákveðnum nemendum eða árgöngum. Sérkennarar sjá um námserfiðleika, lestur, stærðfræði, ensku og halda utan um námið með umsjónarkennurum.

Nokkrar athugasemdir komu fram í rýnihópi um sérkennslu í þá veru að erfitt sé að koma við stuðningi inni hóp eða stofu þar sem mismunandi fög eru kennd og eins í opnum rýmum.

Upplýsingaflæði – samskipti

Sérkennararnir líta á sig sem hluta af heild með kennurunum og samstarf þeirra við aðra kennara fer eftir verkefnum.

Það mættu vera fleiri fundir þar sem við hittumst, segja fulltrúar í rýnihópi, tímaskortur háir samstarfinu, „það er álag á okkur og lausnarteymi tekur mikinn tíma“. Upplýsingastreymi virðist vera mest beint frá deildarstjóra til hvers og eins starfsmanns í sérkennslunni eftir verkefnum.

Teymisfundir eru haldnir með kennurum, foreldrum og öðrum utanaðkomandi til dæmis frá þjónustumiðstöðvum og greiningardeildum einu sinni í mánuði eða oftár ef með þarf. Þessir fundir hafa reynst mjög vel og rýnihópurinn var sammála um ánægju sína með þá. Foreldrasamstarf skiptir miklu máli, að mati rýnihópsins, markmiðið er að barnið upplifi námið sem heild.

Við skólaskil þegar nemendur fara í unglingadeild Réttarholtsskóla, eru fundir haldnir með kennurum, skoðaðar greiningar og þörf fyrir félagslegan stuðning. Það er stefna skólans að styðja nemendurna í sínu umhverfi.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Deildarstjóri er tengiliður við þjónustumiðstöð og samstarf er gott við sérfræðinga þar að mati rýnihóps og að starfsmenn þaðan mjög liðlegir þegar leitað er til þeirra.

Kennarar eru hvattir að hafa samband við sérkennara ef þeir þurfa ráðgjöf varðandi nemendur og reynt er að leiðbeina kennurunum, þeir nota til dæmis allir námsefnið *Stig af stigi*.

Lausnateymi er starfandi og er greinargóð lýsing á aðferðafræðinni í *Boðbera*, en teymið nýtist því miður lítið að mati rýnihóps um sérkennslu, „sem er synd því það var mikil vinna á bak við það“. Helstu ástæðurnar telur rýnihópur vera tímaskort og svo það að málin eru að einhverju leyti leyst innan nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð, í *Boðbera* kemur fram að því er ætlað að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Á fundi ráðsins mæta skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, sálfræðingur, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur skólans. Umsjónarkennari vísaar málum nemenda skriflega til skólastjóra telji hann þá þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Fundað er aðra hvora viku í nemendaverndarráði, kemur fram í rýnihópi um sérkennslu.

Ábendingar

- Deildarstjóri sérkennslu er í stjórnun 50% af starfinu, hún er yfirmaður stuðningsfulltrúa og í góðu samstarfi við skólastjórnendur.
- Skólinn fylgir stefnu um skóla án aðgreiningar. Í skólanámskrá í kafla um stoðkennslu er hún skilgreind sem eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- Stefnt er að því í skólanum að auka vægi verklegra greina og nemendum með sérþarfir er boðið að vera meira í sérgreinum.
- Aðstaða til sérkennslu er mjög góð að mati rýnihóps.
- Ýmis könnunarpróf eru lögð fyrir nemendur til að finna þá sem hafa þörf fyrir stuðning eða sérstaka aðstoð, notast er við ákveðin viðmið, s.s. Talnalykil, byrjendalæsi og hraðamælingar í lestri, hugtakapróf og athugun hjá talkennara og einnig samræmdu könnunarprófin í 4. og 7. bekk. Sérstök áhersla er lögð á skimanir í 1. bekk.
- Með einstaklingsáætlunum er reynt að fylgja eftir þörfum barnsins í hópnum. Markvisst er unnið með samskipti og sett upp markmið og umbunarkerfi og gerðar einstaklingsáætlanir fyrir flesta nemendur.
- Sérkennsla fer ýmist fram inni í bekk eða utan. Nokkrar athugasemdir komu fram í rýnihópi um sérkennslu í þá veru að erfitt sé að koma við stuðningi inni hóp eða stofu þar sem mismunandi fög eru kennd og eins í opnum rýmum.
- Lausnateymi er starfandi og er greinargóð lýsing á aðferðafræðinni í *Boðbera*, en teymið nýtist því miður lítið að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Deildarstjóri er tengiliður við þjónustumiðstöð og samstarf er gott við sérfræðinga þar að mati rýnihóps og að starfsmenn þaðan mjög liðlegir þegar leitað er til þeirra.
- Nemendaverndarráð fundar reglulega á skólatíma. Ráðið starfar skv. lögum og reglugerð.

Skólaþróun og mat

Í *Boðbera* kemur fram að kennarar Breiðagerðisskóla taka þátt í tveimur þróunarverkefnum skólaárið 2009-2010. Verkefni eru *Byrjendalæsi*, í því taka þátt kennarar og starfsfólk í 1.-3. bekk ásamt deildarstjóra sérkennslu og *Orð af orði* fyrir 4.-7. bekk, í ár er áherslan á gagnvirkan lestur með þátttöku bóknámskennara í þeim árgöngum. Verkefnisstjórar stýra þessum verkefnum innan skólans sem eru unnin í samvinnu við Menntasvið og Háskólann á Akureyri. Skólinn hefur fengið styrki til að vinna að þessum verkefnum. Einnig hefur skólinn fengið styrk til að þróa samvinnu árganga í 2.-4. bekk.

Skólinn er einnig þátttakandi í rannsókn á starfsháttum grunnskóla, rannsóknin nær til 20 grunnskóla og að henni standa fræðimenn í Háskóla Íslands, Menntavísindasviði og Háskólanum á Akureyri, tvö fyrirtæki og fjögur sveitarfélög. Þátttakan felur í sér að gefið er leyfi til gagnaöflunar í skólanum og skólanum er boðið samstarf um nýtingu niðurstaðna.

Sjálfsmatsskýrsla fyrir Breiðagerðisskóla var gefin út haustið 2008 og í úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans þá um haustið töldust bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti. Við gerð skýrslunnar var stuðst við ramma Menntasviðs um sjálfsmatsskýrslu í forritinu *Skoldialogen* sem vistað er hjá Mentor.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2009-2010 var skilað til grunnskólaskrifstofu haustið 2009. Þar kemur fram að unnið er að alls 13 umbótaverkefnum í fjórum víddum. Undir skólastarf: að

auka ánægju og bæta líðan nemenda, að viðhalda og auka ánægju foreldra með skólann, að viðhalda ánægju foreldra með umsjónarkennarann; undir verklag: að efla samvinnu nemenda og auka áherslu á hópverkefni í skólstarfi, að efla lestur og lesskilning nemenda, að allir í skólasamfélaginu leggi sömu merkingu í hugtakið einelti og þekki eineltisáætlun og takist að stöðva einelti á byrjunarstigi, að kennsla barna af erlendum uppruna verði markvissari með þátttöku allra og móttökuáætlun verði virk. Tilgreindar eru aðgerðir, mikilvægi, hvað þarf til, hver ber ábyrgð, tímaáætlun og viðmið um árangur við hvert verkefni.

Ábendingar

- Kennarar Breiðagerðisskóla taka þátt í nokkrum þróunarverkefnum skólaárið 2009-2010, verkefni eru: Samvinna árganga í 2.-4. bekk, *Byrjendalæsi* og *Orð af orði*. Skólinn er einnig þátttakandi í rannsókn á starfsháttum grunnskóla.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir Breiðagerðisskóla var gefin út haustið 2008 og í úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans þá um haustið töldust bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti.
- Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2009-2010 var skilað til grunnskólaskrifstofu haustið 2009. Þar kemur fram að unnið er að alls 13 umbótaverkefnum.

Virk upplýsingamiðlun

Skólanámskrá og starfsáætlun

Almennur hluti skólanámskrár og starfsáætlun Breiðagerðisskóla birtist í *Boðbera*, upplýsingariti skólans fyrir árið 2009-2010 og upplýsingar um nám og kennslu í einstökum námsgreinum í árganganámskrám. Í stefnukorti skólans 2009 er gerð grein fyrir sérstöðu skólans, hlutverki og framtíðarsýn ásamt gildum sem eru: **Menntun – samvinna – vellíðan.**

Í foreldrakönnun 2008 sögðust tæp 87% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði skólanum.

Í árganganámskrám koma fram meginmarkmið námsgreina, efnispættir, leiðir að markmiðum, námsgögn, námsmat og heimanám. Fram kemur að byggt er á markmiðum aðalnámskrár frá 2007. Fyrir hvern árgang eru einnig upplýsingar um kennara í árganginum, samstarf við foreldra um félagslíf, nestis og matarmál nemenda ásamt lýsingu á því hvernig námsmati og heimanámi og starfi í árganginum er tilhagað.

Kynningar á vetrarstarfi fara fram á haustin, markmið fundanna er að kynna foreldrum starfið í skólanum. Kennarar gera sameiginlega áætlun fyrir árganginn og hópa innan hans. Áætlunin er skráð í vinnubók kennarans. Ekki kemur fram hvernig þessar áætlanir eru birtar foreldrum. Náms- og kennsluáætlanir eru ekki birtar á heimasíðu.

Fjallað er um flesta þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Breiðagerðisskóla sem samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.

Þættir sem ekki koma fram eru:

- hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
- verklagsreglur um slysavarnir
- verklagsreglur um umgengni

- upplýsingar um vistvænan rekstur (sjá nánar fylgiskjal, gátlisti um skólanámskrá).

Heimasíða

Heimasíða Breiðagerðisskóla er aðgengileg, fréttir eru uppfærðar reglulega og auðvelt er að átta sig á því hvar upplýsingar er að finna.

Upplýsingar um nám og kennslu birtast í árganganámskrám á heimasíðunni og almennar upplýsingar um skólastarfið í *Boðbera*. Stefnt er að því að heimasíðan gegni lykilhlutverki í upplýsingamiðlun til foreldra og komi í stað annars efnis, m.a. fréttabréfs sem áður var prentað og dreift.

Náms- eða kennsluáætlanir eru ekki birtar en árganganámskrár gegna að mati skólans hlutverki námsáætlana. Sjálfsmatsskýrsla frá 2008 er birt, en undir umbótaáætlun birtist áætlun frá fyrra ári.

Upplýsingar um kennslu nýbúa eru í *Boðbera* en ekki fundust upplýsingar um skólastarf eða kennslu nýbúa á erlendum tungumálum (sjá fylgiskjal, gátlisti um heimasíðu).

Ábendingar

- Stefna skólans í námi og kennslu kemur skýrt fram í skólanámskrá og starfsáætlun.
- Námskrár eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Fjallað er um flesta þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Breiðagerðisskóla sem samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Heimasíða Breiðagerðisskóla er aðgengileg, fréttir eru uppfærðar reglulega og auðvelt er að átta sig á því hvar upplýsingar er að finna.
- Náms- eða kennsluáætlanir eru ekki birtar. Sjálfsmatsskýrsla frá 2008 er birt en undir umbótaáætlun birtist áætlun frá fyrra ári.
- Upplýsingar um kennslu nýbúa eru í *Boðbera* en ekki fundust upplýsingar um skólastarf eða kennslu nýbúa á erlendum tungumálum.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Breiðagerðisskóli vinnur að umhverfisáætlun og er áhugi á að taka þátt í Grænfanaverkefni Landverndar. Lögð er áhersla á að fræða nemendur um gildi þess að ganga vel um náttúruna og um gildi umhverfisverndar. Nemendum er gerð grein fyrir mikilvægi þess að minnka rusl og flokka og skólinn vill í samvinnu við heimilin vinna að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi og náttúru (*Boðberi*, s. 21).

Í yngri árgöngum er lögð áhersla á útikennslu og í árganganámskrám eru sett fram markmið, m.a. að njóta útiveru og hreyfingar og kynnast nánasta umhverfi sínu, efnisþættir, leiðir og námsmat í útikennslu er mismunandi eftir árgöngum.

Sé miðað við fyrri foreldrakannanir í Breiðagerðisskóla, þá var ánægja foreldra í nýjustu könnuninni mun hærra hvað varðaði almennt ástand húsnæðis, aðstöðu fyrir verklegar greinar, aðgang nemenda að tölvum og aðstöðu til að matast. Ánægjan hefur hinsvegar verið meiri í

fyrri könnunum hvað varðar leikaðstöðu og gæslu á skólalóð. Ekki hefur verið dregið úr gæslu á skólalóð undanfarin ár að sögn skólastjórnenda.

Nemendur í rýnihópum eru ánægðir skólann sinn, „skólabyggingin er flott og fin“ en stólarnir mættu vera betri, segir nemandi á yngsta stigi. Þeir eru líka ánægðir með íþróttaaðstöðu en finnst vanta leiktæki á skólalóð og „kastalinn er stórhættulegur“ að þeirra mati. Í rýnihópi á miðstigi kemur fram óánægja með stofur miðstigsins, þar er fúkkalykt segja þau. Vantar skólabjöllu „aftan á skóla“, það heyrir ekkert ef krakkarnir eru uppi á hólnum. Svo koma fram athugasemdir í rýnihópum nemenda bæði við matinn og um hávaða í matsal.

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir ásamt vinnuferli um viðbrögð ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang, viðbragðsáætlun við eldsvoða eða hættuástandi og varnarviðbrögð við jarðskjálfta. Brunaæfing var haldin í nóvember 2009 og upplýsingar um undirbúning fyrir hana liggja fyrir.

Starfandi er öryggisnefnd við skólann sem fundar reglulega. Áhættumat var unnið í Breiðagerðisskóla á vorönn 2007 og aðgerðaáætlun í kjölfarið. Í ágúst 2009 var aðgerðaáætlun yfirfarin af öryggisnefnd en þó nokkrar athugasemdir eru um þætti sem ekki er búið að bregðast við. Það sem að skólanum snýr er m.a. að gera eftirlitsstarf öryggisnefndar sýnilegra og markvissara, móta vinnuumhverfisstefnu, efla fræðslu um líkamsbeitingu, hæð vinnuborða o.fl. Það sem snýr að Framkvæmdasviði er m.a. sinna athugasemdum Vinnu- og heilbrigðiseftirlits um úrbætur, setja læstar geymslur fyrir hættuleg efni í skólastofum, bæta öryggi þar sem vörur eru teknar inn í skólann, endurnýja hávaðasamar vélar í smíðastofu og endurnýja gamla húsnæðið m.t.t. hollustuhátta.

Ábendingar

- Breiðagerðisskóli vinnur að umhverfisáætlun og er áhugi á að taka þátt í Grænfanaverkefni Landverndar. Lögð er áhersla á að fræða nemendur um gildi þess að ganga vel um náttúruna og um gildi umhverfisverndar.
- Í yngri árgöngum er áhersla á útikennslu og í árganganámskrám eru sett fram markmið, m.a. að njóta útiveru og hreyfingar og kynnast nánasta umhverfi sínu.
- Ánægja foreldra í foreldrakönnun 2008 er mun hærri nú en áður hvað varðar almennt ástand húsnæðis, aðstöðu fyrir verklegar greinar, aðgang nemenda að tölvum og aðstöðu til að matast. Ánægjan hefur hinsvegar verið meiri í fyrri könnunum hvað varðar leikaðstöðu og gæslu á skólalóð.
- Nemendur í rýnihópum eru ánægðir skólann sinn, „skólabyggingin er flott og fin“ en stólarnir mættu vera betri, segir nemandi á yngsta stigi. Þeir eru líka ánægðir með íþróttaaðstöðu en finnst vanta leiktæki á skólalóð og „kastalinn er stórhættulegur“ að þeirra mati.
- Í rýnihópi á miðstigi kemur fram óánægja með stofur miðstigsins og athugasemdir eru í báðum rýnihópum nemenda um matinn og um hávaða í matsal.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir ásamt vinnuferli um viðbrögð ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang, viðbragðsáætlun við eldsvoða eða hættuástandi og varnarviðbrögð við jarðskjálfta. Brunaæfing var haldin í nóvember 2009 og upplýsingar um undirbúning fyrir hana liggja fyrir.
- Starfandi er öryggisnefnd við skólann sem fundar reglulega. Áhættumat var unnið í Breiðagerðisskóla á vorönn 2007 og aðgerðaáætlun í kjölfarið. Í ágúst 2009 var aðgerðaáætlun yfirfarin af öryggisnefnd en þó nokkrar athugasemdir eru um þætti sem ekki er búið að bregðast við.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 48 starfsmenn skólaárið 2009-2010 í um 46,8 stöðugildum, þar af kennarar í 27.1 stöðugildi.

Í viðhorfakönnun sem framkvæmd var meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litid er ég ánægður í starfi“ gildið 4,20 í Breiðagerðisskóla sem er rétt neðan við heildarmeðaltal grunnskóla borgarinnar (4,27)⁵. Spurningin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ fékk gildið 4,43 sem er aðeins ofar meðaltali annarra skóla (4,33). Svarhlutfall skólans í viðhorfakönnuninni 2009 var 89%.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsfólk er almennt mjög ánægt í störfum sínum í Breiðagerðisskóla, þar væri starfsandinn sérlega góður og „umhyggja og mannkærleikur“ væru höfð að leiðarljósi í samskiptum starfsmanna og nemenda. Það kom fram að starfsfólkinu liði vel á vinnustaðnum og nán og góð samvinna gerðu skólann að góðum vinnustað.

Þegar þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans var góður starfsandi, stöðugleiki í starfsmannahaldi, faglegur metnaður, gott starfsmannafélag og umhyggja gagnvart nemendum helst nefnt.

Þátttakendur voru einnig beðnir að nefna það sem betur mætti fara og eftirfarandi var nefnt í því sambandi: Vantaði samræmdari ákvarðanatöku þannig að hlutirnir mættu oft vera skýrari, það vantaði t.d. lausnir fyrir erfiða nemendur, s.s. námsver. Það kom líka fram að það mætti vera hægt að loka opnu rými meira og einnig mættu vera fagstjórar sem hefðu heildstæða yfirsýn yfir námsgreinarnar.

Samstarf

Í viðhorfakönnuninni 2009 fékk fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 4,33 sem er aðeins hærra en meðaltalsgildi MSR (4,20). Fullyrðingin „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ fær hinsvegar aðeins lægra gildi en meðaltalið (3,87 miðað við 4,07 sem er heildarmeðaltalið). Þessi gildi fyrir Breiðagerðisskóla hafa hækkað eilítið frá könnuninni 2008.

Á rýnifundum og í viðtölum kemur fram að samstarfið í skólanum sé mikið og gott. Samvinna kennara fer mikið fram í teyllum sem mynduð eru um árganga. Einhverjir nefndu að þeir myndu kjósa meira samstarf milli árganga, þar mætti vera betra upplýsingastreymi, þ.e. að hvaða verkefnum væri verið að vinna að í hverjum árgangi. Samvinna á milli árganga er þó nokkur í tengslum við þemaverkefni sem skipulögð eru tvisvar á ári. Það kom fram að skólastigin væru svolítið skipt, kennarar beggja stiga deildu ekki matartímum og væru búnir á misjöfnum tímum.

⁵ Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

Í rýnihópi annarra starfsmanna kom fram að samstarfið í skólanum væri í heildina gott en þeir töldu þó starfsmannafundi ekki skila sérlega miklu. Þeir væru aðeins tvisvar á ári og upplýsingastreymið væri meira kennaramiðað og starfsmenn stæðu dálítið utan við það.

Í viðhorfakönnuninni 2009 fékk fullyrðingin „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ gildið 4,07 í Breiðagerðisskóla sem er svipað meðaltalinu á MSR (4,11) og fullyrðingin „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“ fékk gildið 3,73 sem er nokkuð lægra en meðaltalsgildi allra grunnskóla (3,99).

Á rýnifundum voru þessir þættir ekki ræddir sérstaklega.

Ábendingar

- Heildarstarfsánægja og viðhorf til samvinnu mælist á styrkleikabili í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2009.
- Á rýnifundum kom fram að starfsmenn eru ánægðir í störfum sínum og telja starfsandann sérlega góðan.
- Starfsmenn telja samstarfið í skólanum náíð og gott en nefndu þó að meira samstarf mætti vera milli árganga.
- Þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans: góður starfsandi, stöðugleiki í starfsmannahaldi, faglegur metnaður, gott starfsmannafélag og umhyggja gagnvart nemendum var helst nefnt.
- Þátttakendur voru einnig beðnir að nefna það sem betur mætti fara og var nefnt í því sambandi að það vantaði samræmdari ákvarðanatöku þannig að hlutirnir mættu oft vera skýrari.

Aðbúnaður

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 mælist fullyrðingin „Ég hef aðgang að gögnum og tækjum sem til þarf“ með gildið 4,39 sem er töluvert hærra en heildarmeðaltal MSR (4,0). Viðhorf gagnvart vinnuástöðu og tækjakosti voru mun jákvæðari í viðhorfakönnuninni 2009 en 2008.

Þegar rætt var um aðbúnað í rýnihópum kom fram að kennarar telja það galla að ekki sé hægt að loka meira rýmum þar sem getur myndast of mikill hávaði og áreiti. Það kom einnig fram að eitthvað vantaði upp á búnað s.s. tölvur, skjávarpa og hátalarakerfi í stofur. List- og verkgreinakennarar komu því á framfæri að það þyrfti að vera hægt að loka hurð á milli textíl- og smíðastofa. Í rýnihópi um sérkennslu kom fram að aðstaða þeirra starfsmanna væri góð fyrir undirbúningsvinnu.

Ábendingar

- Athuga hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.
- Kennarar telja það galla að ekki sé hægt að loka meira rýmum þar sem getur myndast of mikill hávaði og áreiti.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll kennara á vorönn 2009. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁶

⁶ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í um 18 kennslustundir á önninni⁷, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 3,3 kennsludaga á vorönn 2009.⁸

Langtímafjarvera vegna veikinda er ekki meðtalin.

Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi í 49 stundir á vorönn 2009, undir fjarvistir falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að aðrir starfsmenn en kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi um 6 vinnudaga á vorönn 2009.

Langtímafjarvera vegna veikinda er ekki meðtalin.

Ábendingar

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 3,3 kennsludaga á vorönn 2009.
- Aðrir starfsmenn voru að meðaltali fjarverandi um 6 vinnudaga á vorönn 2009.
- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.

Símenntun og starfsþróun

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 fær skólinn gildið 4,18 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ sem er hærra en heildarmeðaltalsgildi MSR (4,04). Fullyrðingin „Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma“ fær gildið 3,18 sem er nokkuð lægra en heildarmeðaltalsgildi MSR (3,44).

Í viðhorfakönnuninni 2009 höfðu 68% þeirra sem svöruðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum, miðað við 88% árið áður. Viðhorf til gagnsemi samtalanna mælist lægra en að meðaltali í grunnskólum (3,48 miðað við meðaltalið 3,62). Um þriðjungur svarenda taldi samtölin vera hvorki né gagnleg/ógagnleg.

Skólastjóri hefur tekið starfsþróunarsamtöl og í rýnihópum komu fram mismunandi sjónarmið gagnvart þeim. Talað var um að þau væru nauðsynleg fyrir samband stjórnenda og starfsmanna en hinsvegar mætti fylgja skýrari ramma til að auka gagnsemi þeirra. Í rýnihópi almennra starfsmanna kom fram að stjórnendur næðu ekki alltaf að taka samtölin við þá að vori þar sem byrjað væri að taka viðtölin við kennara og einhverjir úr hópi almennra starfsmanna fá ekki undirbúningsgögn fyrir samtölin líkt og kennarar.

Í starfsáætlun Breiðagerðisskóla 2009-2010 er kafli um símenntun þar sem gerð er grein fyrir símenntunaráætlun skólans. Áætlunin innifelur m.a. þróunarverkefnið *Orð af orði* fyrir kennara á miðstigi og *Byrjendalæsi* fyrir yngstu barna kennara, lífsleiknínámskeið, námskeið um útikennslu, framhaldsnámskeið í Olweusar-verkefninu auk námskeiða sem skipulögð eru af MSR fyrir stjórnendur og skólaliða. Einnig er áætlun um heimsóknir í aðra skóla og jafningjafraðslu innan skólans. Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna og skilgreinir ábyrgðarhlutverk. Í gögnum frá Breiðagerðisskóla eru einnig handbækur kennara, skólaliða og stuðningsfulltrúa sem gefa greinargóðar upplýsingar um störfin og skyldur og ábyrgð starfsmanna.

⁷ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

⁸ Meðaltalsfjarvera kennara í þeim 16 skólum þar sem heildarmat hefur farið fram er 6 dagar á önn.

Það kom fram í rýnihópum kennara og annarra starfsmanna að starfsmenn taka þátt í símenntun innan skólans t.d. vegna sameiginlegra verkefna, s.s. Olweus. Einhverjir úr hópi kennara töldu álag vegna símenntunar vera of mikið. Í rýnihópi almennra starfsmanna kom fram ánægja með símenntun, sérstaklega tölvunámskeið og ritaranám. Það kom fram í rýnihópum að faglegur metnaður væri mikill í skólanum og hafa kennarar t.d. staðið fyrir námskeiðum fyrir foreldra til að kynna námsefni í stærðfræði.

Skólinn hefur fengið styrk undanfarin þrjú ár til að kenna erlendum starfsmönnum íslensku á þeirra vinnutíma.

Ábendingar

- Fullyrðingin „Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma“ fær gildið 3,18 sem er nokkuð lægra en heildarmeðaltalsgildi MSR (3,44).
- Hlutfall þeirra sem farið hafa í starfsmannasamtöl á sl. 12-15 mánuðum hefur lækkað nokkuð milli ára, var 88% vorið 2008 en 68% vorið 2009.
- Mismunandi sjónarmið komu fram varðandi gagnsemi samtalanna, um þriðjungur þeirra er svara í könnuninni 2009 telja samtölin hvorki gagnleg né ógagnleg.
- Símenntunaráætlun fyrir árið 200-2010 er umfangsmikil, skólinn tekur þátt í mörgum þróunarverkefnum og faglegur metnaður kennara er sagður mikill.
- Almennir starfsmenn eru einnig ánægðir með þá símenntun sem þeir hafa fengið.
- Skólinn hefur fengið styrk undanfarin þrjú ár til að kenna erlendum starfsmönnum íslensku á þeirra vinnutíma.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í viðhorfakönnuninni 2009 fékk fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ aðeins lægra gildi í Breiðagerðisskóla en almennt á MSR (3,95 miðað við 4,02 heildarmeðaltalsgildi). Traust til næsta yfirmanns mælist einnig aðeins lægra (gildið 4,17 miðað við heildarmeðaltalsgildið 4,29) en gildi þess hve starfsfólk er ánægt með samskiptin við næsta yfirmann er svipað meðaltalsgildinu (4,29, heildarmeðaltalið 4,26) Fullyrðingin „Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum“ fékk gildið 4,15 í könnuninni sem er einnig svipað heildarmeðaltali (4,11).

Fullyrðingar er lúta að hrósi og hvatningu eru ekki langt frá heildarmeðaltali allra grunnskóla í könnuninni. Fullyrðingin „Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf“ fékk reyndar nokkuð lægra gildi, 3,68 (3,93 heildarmeðaltal MSR) en fullyrðingin „Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum“ fékk gildið 3,90 sem er nálægt heildarmeðaltalinu (3,95). Fullyrðingin „Starf mitt er metið að verðleikum af yfirmanni mínum og samstarfsfólki“ mælist á styrkleikabili (4,24) og hækkar mikið frá fyrra ári (3,72). Fullyrðingin „Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar“ fékk gildið 3,92 (4,06 heildarmeðaltal MSR). Þá mældist fullyrðingin „Upplýsingastreymi til starfsmanna á mínum vinnustað er gott“ lægra (3,53) en heildarmeðaltal MSR (3,66).

Í rýnihópum og viðtölum lýstu starfsmenn góðum samskiptum við stjórnendum, þær væru afar velviljaðar starfsmönnum og gott að leita til þeirra. Það var nefnt að aðgengi að þeim væri gott, þær gengju í öll verk og væru hvetjandi. Stjórnendur eru sagðir sýnilegir nemendum og góður stuðningur, t.d. vegna erfiðra nemendamála og foreldrasamskipta.

Það kom fram að kennarar myndu gjarnan vilja meiri faglegan stuðning og sjá stjórnendur meira sýnilega í kennslustundum. Það var nefnt að þær mættu gjarnan hrósa meira, en aðrir sögðu þær duglegar við það. Einnig var það nefnt að það mætti vera meira skipulag utan um skólastarfið og samráð við kennara mætti vera meira.

Ábendingar

- Í viðhorfakönnun 2009 fékk fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ aðeins lægra gildi í Breiðagerðisskóla en almennt á MSR (3,95 miðað við 4,02).
- Traust til næsta yfirmanns mælist einnig aðeins lægra (gildið 4,17/4,29) en gildi þess hve starfsfólk er ánægt með samskiptin við næsta yfirmann er svipað meðaltalsgildinu.
- Fullyrðingar er lúta að hrósi og hvatningu eru ekki langt frá heildarmeðaltali allra grunnskóla í könnuninni.
- Fullyrðingin „Upplýsingastreymi til starfsmanna á mínum vinnustað er gott“ mælist lægra (3,53) en heildarmeðaltal MSR (3,66).
- Í rýnihópum og viðtölum lýstu starfsmenn góðum samskiptum við stjórnendum, þær væru afar velviljaðar starfsmönnum og gott að leita til þeirra.
- Kennarar myndu gjarnan vilja meiri faglegan stuðning og sjá stjórnendur sýnilegri í kennslustundum. Það var nefnt að þær mættu gjarnan hrósa meira en aðrir sögðu þær duglegar við það.
- Einnig var það nefnt að það mætti vera meira skipulag utan um skólastarfið og samráð við kennara mætti vera meira.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2009 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað.

Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda.

Breiðagerðisskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2009 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Breiðagerðisskóla fyrir árið 2007 voru að upphæð 286,226 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 281,701 þús. kr.

Heildarfjárheimildir Breiðagerðisskóla fyrir árið 2008 voru að upphæð 321,653 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 312,675 þús. kr.

Ábendingar

- Áfram þarf að gæta að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar: Góður námsárangur í íslensku og stærðfræði. Stefna skólans er skýrt sett fram. Umhyggja einkennir skólastarfið og vilji til að þjónusta alla nemendur. 85% kennslustunda eru metnar góðar eða frábærar. Starfsánægja mælist á styrkleikabili.

Veikleikar: Skýra þarf verkferla við ákvarðanatöku. Hluti foreldra óánægður með hvernig tekið er á eineltismálum.

Ögranir: Huga þarf að vellíðan allra nemenda í kennslustundum. Hluti nemenda þarf mikinn stuðning í námi og við hegðun.

Tækifæri: Halda áfram þróun fjölbreyttra kennsluhátta og efla enn frekar stefnumótun um einstaklingsmiðað nám. Efla enn frekar skólastarf og árangur. Styrkja samstarf við foreldra og samráð við kennara.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Nám og kennsla

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2009 er aðeins betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (75% miðað við 72% í borginni allri) og hærra hlutfall nemenda í Breiðagerðisskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (74% miðað við 69% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2009 er betri en árið áður (75% miðað við 71%) og hlutfallslega fleiri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (74% miðað við 67% árið áður).
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Breiðagerðisskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 11.8 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.
- Í Breiðagerðisskóla stóðust um 80% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi og aðeins einn nemandi (2%) taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði. Í Reykjavík allri þurftu 69% eingöngu að taka þrep I og tæp 9% töldust líklega þurfa stuðning í stærðfræði.
- Meðaltalsárangur nemenda í Breiðagerðisskóla í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk haustið 2009 var 7,0 í íslensku sem er yfir landsmeðaltali (6,4) og meðaltali í Reykjavík (6,5) og 7,9 í stærðfræði sem er yfir landsmeðaltali (6,8) og meðaltali í Reykjavík (7,0).
- Í 4. bekk var árangur nemenda í Breiðagerðisskóla í samræmdum könnunarprófum 6,4 í íslensku sem er yfir landsmeðaltali (6,0) og meðaltali í Reykjavík (6,2) og 6,4 í stærðfræði sem einnig er yfir landsmeðaltali (6,1) og yfir meðaltali í Reykjavík (6,2).
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum 2006.

Stjórnun og skipulag

- Stjórnunarteymi skólans er skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri almennrar kennslu og deildarstjóri sérkennslu.
- Stjórnendur hafa ekki með sér fasta fundi en mikið óformlegt samráð.
- Stjórnendur skipta með sér verkum við stjórnun skólans og er verkaskipting þeirra nokkuð skýr samkvæmt starfslýsingum stjórnenda.

- Í foreldrakönnun 2008 sögðust tæp 69% vera ánægð með stjórnunina, þar af sögðust rúm 20% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja á kvarðanum einn til fimm var 3,8 sem er undir meðaltali í borginni (4.0).
- Starfsmenn í rýnihópum segja stjórnendur vera styðjandi, það sé gott að leita til þeirra og aðgengi almennt gott.
- Kennarafundir eru haldnir reglulega og tvisvar á ári eru starfsmannafundir.
- Grunneining í samstarfi kennara eru árgangafundir þeirra einu sinni í viku og stigsfundir eru einu sinni í mánuði.
- Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda.
- Skoðaðar voru nokkrar stundatöflur nemenda. Hver nemandi fær persónulega stundatöflu sem sett er upp eftir að hópaskipting hefur verið ákveðin af kennurum
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en skóladagar nemenda í 6. bekk eru mislangir.
- Samstarf er við alla þrjá leikskólana í hverfinu og þeir koma reglulega í heimsókn í tengslum við skólabyrjun 6 ára nemenda.
- Stjórnendur segjast vilja hafa markvissara samstarf við Réttarholtsskóla um nemendur og eins við Fossvogsskóla um markmið og leiðir og kennsluhætti.
- Stefna skólans kemur skýrt fram í almennum hluta skólanámskrár, stefna skólans byggir á stefnumótun Reykjavíkurborgar í skólamálum með áherslu á að starfshættir séu opnir og sveigjanlegir, nemendur vinni sjálfstætt og í samvinnu við aðra með stuðningi upplýsinga- og samskiptatækni.
- Stefna og markmið í félagslegu uppeldi eru að hver og einn læri að umgangast aðra af virðingu og tillitssemi, að hver og einn öðlist sjálfsöryggi og geti notið sín með öðrum, að leggja áherslu á jákvæð samskipti.
- Stjórnendur hafa unnið að því að setja fram stefnu skólans í stefnukorti, þrjú gildi eru sett fram: **Menntun – samvinna – vellíðan**. Markmið og mælikvarðar eru settir fram í fjórum víddum.
- Almennt virðast starfsmenn þekkja þokkalega vel stefnu og markmið skólans. Í viðhorfskönnun 2009 fær spurningin „Ég þekki markmið og stefnu vinnustaðar míns“ gildið 4,25 (meðaltal MSR var 4,30). Spurningin „Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar míns“ er einnig um meðaltal borgarinnar (4,13 á móti 4,12).
- Markmið námsgreina eru sett fram í skólanámskrá fyrir hvern árgang. Fram kemur að námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007.
- Í hverri námsgrein koma fram meginmarkmið og efnispættir, fjallað er um leiðir að markmiðum, námsgögn, námsmat og heimanám. Í hverri árganganámskrá er einnig fjallað um sérkennslu og í yngri árgöngum um útikennslu
- Kennarar gera sameiginlega áætlun fyrir árganginn og hópa innan hans. Áætlunin er skráð í vinnuskipulag kennarans. Ekki kemur fram hvornig þessar áætlanir eru birtar foreldrum.
- Fyrir liggja kennsluáætlanir fyrir verkefni í byrjendalæsi og í gagnvirkum lestri og kennsluáætlun í heimilisfræði. Árganganámskrár sem samsvara náms- og kennsluáætlunum eru birtar á heimasíðu.
- Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá.

Nemendur og líðan

- Í stefnumörkun skólans er lögð mikil áhersla á að vinna með nemendum að góðum og jákvæðum samskiptum.
- Í könnun sem lögð var fyrir 5.-7. bekk vorið 2009 var spurt um líðan nemenda í kennslustundum í Breiðagerðisskóla svöruðu tæp 70% nemenda að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var um 91% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun skólans sem lögð var fyrir nemendur í 4. og 5. bekk í maí 2009 koma fram almennt jákvæð viðhorf til skólans, um 72% finnst skólinn mjög eða frekar góður, um 88% eru mjög eða frekar ánægð með kennara sína og 83% finnst oft eða alltaf gaman í skólanum og líður þar vel.
- Í könnun Skólaláttamálsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk Breiðagerðisskóla í október 2009 kemur fram að skólinn er yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri og áhuga á stærðfræði. Þegar spurt er um trú á eigin getu er hún aðeins undir landsmeðaltali í íslensku en aðeins yfir í stærðfræði og almennt virðast nemendur hafa meiri trú á eigin getu í stærðfræði en íslensku.
- Í foreldrakönnun 2008 mátu foreldrar í Breiðagerðisskóla líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,0 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali oftast vel. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn kannar árlega líðan nemenda og einelti í tengslum við Olweusarverkefni. Í könnun sem lögð var fyrir haustið 2007 í 4.-7. bekk kemur fram að 9% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti, það eykst aðeins milli skólaára, en er þó lægra í Breiðagerðisskóla en að meðaltali í skólum borgarinnar.
- Við skólann er eineltisteymi og fyrir liggur eineltisáætlun/aðgerðaáætlun gegn einelti og reglur nemenda þar sem kemur fram hvernig forðast ber eineltishegðun.
- Af 60 foreldrum í Breiðagerðisskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun Menntasviðs 2008 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu fimmtán eða 25% svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 21%.
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði „bara vel“ í skólanum og telja að flestum líði vel. Þau segja að það sé einelti í skólanum þó þau hafi ekki lent í því sjálf, „mig langar að hjálpa en þori ekki“, segir ein. Þau nefna líka að í frímínútum sé hægt að leita til fullorðinna og „verndara“ eða skólavina.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína „þeir kunna að kenna“, koma vel fram við nemendur og eru mjög sjaldan strangir, kemur fram í rýnihópum þeirra. Þeim finnst of lítið hrós í skólanum og „ef einhver einn gerir eitthvað af sér þarf að refsa öllum“.
- Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum, sundi, útivist og dansi.
- Kosið er til stjórnar nemendafélags með þeim hætti að allir nemendur eru í framboði og þess er gætt að kynjahlutföll séu jöfn.
- Embættum er ekki skipt á milli fulltrúa, athuga má hvort það myndi styrkja ráðið að ábyrgðarhlutverk væru skýrari.
- Nemendurnir hafa skýrt hlutverk í verkefnum í skólastarfinu og finnst þau hafa áhrif og á þau sé hlustað. Þau myndu þó vilja skipuleggja meira af skemmtunum og öðrum viðburðum.
- Uppfæra má upplýsingar um nemendaráðið á heimasíðu skólans.
- Skólareglur eru birtar í *Bodbera*, upplýsingahefti um skólastarfið og á heimasíðu skólans, þar er lögð áhersla á stundvísi, góða umgengni, kurteisi og tillitssemi.
- Sérstakar reglur, snjóreglur eru um snjókast þar sem fram kemur hvar nemendur mega vera og hvar ekki og hvað er bannað.

- Viðbrögð við brotum á skólareglum eru einnig birt, þ.e. verklagsreglur Menntasviðs, þar kemur fram hver tekur á agamálum hverju sinni og hvernig brugðist er við.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og eru með þær „á hreinu“, þær hanga á vegg í sumum stofum
- Starfsfólk í rýnihópum telur reglur skýrar, en kannski ekki farið eftir þeim og er þá átt við bæði nemendur og starfsfólk. Eins þarf að skerpa á því og samræma hvernig brugðist er við þegar reglur eru brotnar.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Í foreldrakönnun 2008 kom fram að 79% svarenda í Breiðagerðisskóla fannst aginn hæfilegur sem yfir meðaltali í borginni allri (70%).
- Fjarvistir nemenda (óheimilar) eru óverulegar.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Helstu niðurstöður foreldrakönnunar 2008 voru þær að um 71% foreldranna sögðust vera ánægð með skóla barnanna, þar af sögðust 24% vera mjög ánægð.
- Fyrstu niðurstöður úr foreldrakönnun 2010 sýna að ánægja foreldra eykst verulega og mælist tæplega 84% sem er svipað meðaltalsánægju í borginni.
- Meðaltalsánægja foreldra er 3.9 (af 5) í Breiðagerðisskóla en 4.0 í borginni allri og Breiðagerðisskóli er því rétt undir meðaltali í þessari spurningu.
- Í spurningu um stjórnun skólans sögðust rúm 69% vera ánægð með stjórnunina, þar af sögðust tæp 20% vera mjög ánægð.
- Í heildina kom skólinn betur út en áður í foreldrakönnuninni fyrir árið 2008. Þótt hann hafi verið undir meðaltali í nokkrum lykilsurningum, þá hafa meðaltölin í þeim sumum verið að á uppleið.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í foreldrakönnun 2008.
- Foreldrar í rýnihópi nefna að mikil umhyggja og vilji til að þjónusta nemendur einkenni skólann og stjórnendur sérstaklega.
- Gert er ráð fyrir að skólaráð hittist mánaðarlega en það hefur ekki gengið eftir á haustönn og fundir fallið niður.
- Foreldrafélag skólans er mjög virkt og stjórnin fundar reglulega. Að mati stjórnenda er gott samstarf við foreldrafélagið og það starfar mjög sjálfstætt.
- Almennt er góð mæting á bekkjarkvöld og skemmtanir í skólanum, s.s. hausthátíð og jólaföndur en dræm mæting á fræðslufundi.
- Foreldrar telja sig almennt fá ágætar upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, vikulega koma upplýsingar um hvað er að læra og hvað er að gerast í flestum árgöngum.
- Sú rödd heyrir einnig í rýnihópi að upplýsingaflæði frá skólanum þyrfti að skerpa.
- Heimasíðan gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun.
- Einstaklingsfundir með foreldrum, nemanda og kennara eru tvisvar á vetri, markmiðið er veita upplýsingar um námslega og félagslega stöðu nemenda.
- Kynningar á vetrarstarfi fara fram á haustin, markmið þeirra er að kynna foreldrum starfið í skólanum og efla þannig tengsl heimila og skóla.
- Námskeið fyrir foreldra 1. bekkinga er haldið að hausti, markmiðið er að kynna þeim áherslur, viðfangsefni og námskröfur, skólareglur, stoðkerfi skólans, og einnig að stuðla að kynnum kennara og foreldra og foreldra sín á milli.

- Í skólanámskrá er fjallað um mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í skólastarfinu.
- Í viðhorfakönnun starfsmanna 2009 fær spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu ánægður eða óánægður ertu með samskipti þín við foreldra?“ gildið 4,13, sem er aðeins hærra en meðaltalsgildi allra grunnskóla (4,08).
- Svipað hlutfall starfsmanna Breiðagerðisskóla telur sig hafa orðið fyrir áreitni frá þjónustugegum sl. 12 mánuði og almennt á MSR (13% miðað við meðaltalshlutfallið 12%).
- Í rýnihópi kennara kemur fram að samskipti við foreldra séu oftast jákvæð, „foreldrar geta alltaf hringt og svo er Mentor og tölvupóstur“.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Í skólanámskrá Breiðagerðisskóla kemur fram að kennslufræðilegur grunnur byggir á einstaklingsmiðuðu námi, gengið er út frá því að einstaklingar séu mismunandi, hæfileikar þeirra liggi á mismunandi sviðum og skólinn þurfi að skipuleggja nám barnanna út frá því.
- Kennsluaðferðir sem lögð er áhersla á eru söguaðferð, samvinnunám, hringekjuform og valsvæði auk þess að nýta umhverfið til kennslu.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur ýmist að vinna einir eða í hópum, sjálfstætt eða undir beinni stjórn kennara en oftast allir að sama eða hliðstæðu verkefni.
- Skólasafn er staðsett miðsvæðis í skólanum í nýbyggingu, því er meðal annars ætlað það hlutverk að styðja sem best við það sem fer fram í skólanum og aðstoða nemendur og starfsfólk við öflun hverskonar efnis.
- Námsmati í Breiðagerðisskóla er skipt upp í leiðsagnarmat, lokamat og sjálfsmat nemenda.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn vel áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 4 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni, skipulagsstoðinni og námsumhverfisstoðinni (sjá fylgiskjal, matstæki um einstaklingsmiðað nám).
- Nemendur blandast í ólíka hópa innan hvers árgangs eftir viðfangsefnum eða greinum allan skólatímann þannig að litið er á árganginn alfarið sem eina heild. Í rýnihópi kennara kemur fram að þeir eru ánægðir með þetta og telja að þetta stuðli að því að nemendur kynnist og læri að vinna með ólíkum einstaklingum.
- Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í námi en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttari og krefjandi verkefnum nemenda.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða tæp 80% og 7% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara örugg. 4% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi.
- Deildarstjóri sérkennslu er í stjórnun 50% af starfinu, hún er yfirmaður stuðningsfulltrúa og í góðu samstarfi við skólastjórnendur.
- Skólinn fylgir stefnu um skóla án aðgreiningar. Í skólanámskrá í kafla um stoðkennslu er hún skilgreind sem eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- Stefnt er að því í skólanum að auka vægi verklegra greina og nemendum með sérþarfir er boðið að vera meira í sérgreinum.

- Aðstaða til sérkennslu er mjög góð að mati rýnihóps.
- Ýmis könnunarpróf eru lögð fyrir nemendur til að finna þá sem hafa þörf fyrir stuðning eða sérstaka aðstoð, notast er við ákveðin viðmið, s.s. Talnalykil, byrjendalæsi og hraðamælingar í lestri, hugtakapróf og athugun hjá talkennara og einnig samræmdu könnunarprófin í 4. og 7. bekk. Sérstök áhersla er lögð á skimanir í 1. bekk.
- Með einstaklingsáætlunum er reynt að fylgja eftir þörfum barnsins í hópnum. Markvisst er unnið með samskipti og sett upp markmið og umbunarkerfi og gerðar einstaklingsáætlanir fyrir flesta nemendur.
- Sérkennsla fer ýmist fram inni í bekk eða utan. Nokkrar athugasemdir komu fram í rýnihópi um sérkennslu í þá veru að erfitt sé að koma við stuðningi inni hóp eða stofu þar sem mismunandi fög eru kennd og eins í opnum rýmum.
- Lausnateymi er starfandi og er greinargóð lýsing á aðferðafræðinni í *Boðbera*, en teymið nýtist því miður lítið að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Deildarstjóri er tengiliður við þjónustumiðstöð og samstarf er gott við sérfræðinga þar að mati rýnihóps og að starfsmenn þaðan mjög liðlegir þegar leitað er til þeirra.
- Nemendaverndarráð fundar reglulega á skólatíma. Ráðið starfar skv. lögum og reglugerð.

Skólaþróun, mat og upplýsingamiðlun

- Kennarar Breiðagerðisskóla taka þátt í nokkrum þróunarverkefnum skólaárið 2009-2010, verkefnin eru: Samvinna árganga í 2.-4. bekk, *Byrjendalæsi* og *Orð af orði*. Skólinn er einnig þátttakandi í rannsókn á starfsháttum grunnskóla.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir Breiðagerðisskóla var gefin út haustið 2008 og í úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans þá um haustið töldust bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti.
- Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2009-2010 var skilað til grunnskólaskrifstofu haustið 2009. Þar kemur fram að unnið er að alls 13 umbótaverkefnum.
- Stefna skólans í námi og kennslu kemur skýrt fram í skólanámskrá og starfsáætlun.
- Námskrár eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Fjallað er um flesta þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Breiðagerðisskóla sem samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Heimasíða Breiðagerðisskóla er aðgengileg, fréttir eru uppfærðar reglulega og auðvelt er að átta sig á því hvar upplýsingar er að finna.
- Náms- eða kennsluáætlanir eru ekki birtar, en árganganámskrár gegna hlutverki þeirra.
- Sjálfsmatsskýrsla frá 2008 er birt en undir umbótaáætlun birtist áætlun frá fyrra ári.
- Upplýsingar um kennslu nýbúa eru í *Boðbera* en ekki fundust upplýsingar um skólastarf eða kennslu nýbúa á erlendum tungumálum.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Breiðagerðisskóli vinnur að umhverfisáætlun og er áhugi á að taka þátt í Grænánaverkefni Landverndar. Lögð er áhersla á að fræða nemendur um gildi þess að ganga vel um náttúruna og um gildi umhverfisverndar.
- Í yngri árgöngum er áhersla á útikennslu og í árganganámskrám eru sett fram markmið, m.a. að njóta útiveru og hreyfingar og kynnast nánasta umhverfi sínu.

- Ánægja foreldra í foreldrakönnun 2008 er mun hærri nú en áður hvað varðar almennt ástand húsnæðis, aðstöðu fyrir verklegar greinar, aðgang nemenda að tölvum og aðstöðu til að matast. Ánægjan hefur hinsvegar verið meiri í fyrri könnunum hvað varðar leikaðstöðu og gæslu á skólalóð.
- Nemendur í rýnihópum eru ánægðir skólann sinn, „skólabyggingin er flott og fin“ en stólarnir mættu vera betri, segir nemandi á yngsta stigi. Þeir eru líka ánægðir með íþróttaaðstöðu en finnst vanta leiktæki á skólalóð og „kastalinn er stórhættulegur“ að þeirra mati.
- Í rýnihópi á miðstigi kemur fram óánægja með stofur miðstigsins og athugasemdir eru í báðum rýnihópum nemenda um matinn og um hávaða í matsal.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir ásamt vinnuferli um viðbrögð ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang, viðbragðsáætlun við eldsvoða eða hættuástandi og varnarviðbrögð við jarðskjálfta. Brunaæfing var haldin í nóvember 2009 og upplýsingar um undirbúning fyrir hana liggja fyrir.
- Starfandi er öryggisnefnd við skólann sem fundar reglulega. Áhættumat var unnið í Breiðagerðisskóla á vorönn 2007 og aðgerðaáætlun í kjölfarið. Í ágúst 2009 var aðgerðaáætlun yfirfarin af öryggisnefnd en þó nokkrar athugasemdir eru um þætti sem ekki er búið að bregðast við.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Heildarstarfsánægja og viðhorf til samvinnu mælist á styrkleikabili í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2009.
- Á rýnifundum kom fram að starfsmenn eru ánægðir í störfum sínum og telja starfsandann sérlega góðan.
- Starfsmenn telja samstarfið í skólanum náíð og gott en nefndu þó að meira samstarf mætti vera milli árganga.
- Þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans: góður starfsandi, stöðugleiki í starfsmannahaldi, faglegur metnaður, gott starfsmannafélag og umhyggja gagnvart nemendum var helst nefnt.
- Þátttakendur voru einnig beðnir að nefna það sem betur mætti fara og var nefnt í því sambandi að það vantaði samræmdari ákvarðanatöku þannig að hlutirnir mættu oft vera skýrari.
- Athuga hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.
- Kennarar telja það galla að ekki sé hægt að loka meira rýmum þar sem getur myndast of mikill hávaði og áreiti.
- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 3,3 kennsludaga á vorönn 2009.
- Aðrir starfsmenn voru að meðaltali fjarverandi um 6 vinnudaga á vorönn 2009.
- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.
- Fullyrðingin „Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma“ fær gildið 3,18 sem er nokkuð lægra en heildarmeðaltalsgildi MSR (3,44).
- Hlutfall þeirra sem farið hafa í starfsmannasamtöl á sl. 12-15 mánuðum hefur lækkað nokkuð milli ára, var 88% vorið 2008 en 68% vorið 2009.
- Mismunandi sjónarmið komu fram varðandi gagnsemi samtalanna, um þriðjungur þeirra er svara í könnuninni 2009 telja samtölin hvorki gagnleg né ógagnleg.
- Símenntunaráætlun fyrir árið 200-2010 er umfangsmikil, skólinn tekur þátt í mörgum þróunarverkefnum og faglegur metnaður kennara er sagður mikill.
- Almennir starfsmenn eru einnig ánægðir með þá símenntun sem þeir hafa fengið.

- Skólinn hefur fengið styrk undanfarin þrjú ár til að kenna erlendum starfsmönnum íslensku á þeirra vinnutíma.
- Í viðhorfakönnun 2009 fékk fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ aðeins lægra gildi í Breiðagerðisskóla en almennt á MSR (3,95 miðað við 4,02).
- Traust til næsta yfirmanns mælist einnig aðeins lægra (gildið 4,17/4,29) en gildi þess hve starfsfólk er ánægt með samskiptin við næsta yfirmann er svipað meðaltalsgildinu.
- Fullyrðingar er lúta að hrósi og hvatningu eru ekki langt frá heildarmeðaltali allra grunnskóla í könnuninni.
- Fullyrðingin „Upplýsingastreymi til starfsmanna á mínum vinnustað er gott“ mælist lægra (3,53) en heildarmeðaltal MSR (3,66).
- Í rýnihópum og viðtölum lýstu starfsmenn góðum samskiptum við stjórnendum, þær væru afar velviljaðar starfsmönnum og gott að leita til þeirra.
- Kennarar myndu gjarnan vilja meiri faglegan stuðning og sjá stjórnendur sýnilegri í kennslustundum. Það var nefnt að þær mættu gjarnan hrósa meira en aðrir sögðu þær duglegar við það.
- Einnig var það nefnt að það mætti vera meira skipulag utan um skólastarfið og samráð við kennara mætti vera meira.

Fjármál

- Áfram þarf að gæta að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.

Boðberi 2009-2010, skólanámskrá Breiðagerðisskóla – almennur hluti.

Hagir og líðan barna í Reykjavík. Breiðagerðisskóli. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Breiðagerðisskóli vorið 2009. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2009. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Stefnukort 2009. Óbirt drög. Breiðagerðisskóli.

Ungt fólk 2009. 5., 6. og 7. Bekkur. Hagir og líðan barna á Íslandi, íþrótta- og tómstundaiðja, nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðlar og tækjæign. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum. 2008. Breiðagerðisskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008. Breiðagerðisskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Breiðagerðisskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Breiðagerðisskoli.is

Fylgiskjöl

1. Breiðagerðisskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
4. Vettvangsathuganir
5. Gátlisti um skólanámskrá
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur